


skoðun 10

2 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Allt
Fasteignir.is




Átta vikna heilsuáætlun
„Bókin Léttara og betra líf opnar nýja leið til heilsubótar, skref fyrir skref.“
ÞORGRÍMUR ÞRÁINSSON, RITHÖFUNDUR
www.forlagid.is



FRÉTTABLAÐIÐ
Mánudagur
4. júlí 2011
153. tölublað 11. árgangur
Sími: 512 5000
10 ÁRA 2001-2011
MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*
*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar – mars 2011



## Fékk vænan lax

*Jógvan Hansen féll fyrir laxveiði eftir að hann flutti til Íslands.*

fólk 22

## Hvert herbergi einstakt

*Bergrún Íris Sævarsdóttir málar skemmtilegar myndir á veggi barnaherbergja.*

allt 2



## Á leið til Ajax

*Kolbeinn Sigþórsson mun skrifa undir samning við hollenska stórliðið Ajax í dag.*

sport 18

## veðrið í dag




**LÍTIÐ UM SÓL** Í dag verður rigning eða súld V- og A-til. Einhver væta einnig syðst. Víða 5-10 m/s, hvassara í Vestmannaeyjum. Hiti 8-17 stig, hlýjast N-lands.

VEÐUR 4



**HVÍL Í FRIÐI** Vegfarandi á Laugavegi skildi eftir blóm, bangsa og kort til minningar um ungabarnið sem lést þar á laugardag. Gjafirnar voru lagðar við inngang Hótel Fróns. Í kortinu stóð: „Allt betra skilið en þetta. Hvíl í friði.“ Hvorki ættingjar né samstarfsfólk móðurinnar vissu að hún bæri barn undir belti. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Bjó um barnið í ruslagámi

**Lögreglan fann lík fullburða sveinbarns í ruslagámi við Hótel Frón í Reykjavík á laugardag. Móðirin hefur verið úrskurðuð í gæsluvarðhald og geðrannsókn. Hún fæddi barnið á hótelinu og bjó um það í gámnum.**

**LÖGREGLUMÁL** Rúmlega tvítug kona hefur verið úrskurðuð í tveggja vikna gæsluvarðhald og til að sæta geðrannsókn eftir að nýfætt barn hennar fannst látið í ruslagámi við vinnustað konunnar á laugardag.

Lögreglumenn fundu lík fullburða sveinbarns konunnar eftir að hún leitaði sér aðstoðar á spítala eftir fæðinguna. Konan er 21 árs gömul og ættuð frá Litháen. Hún starfaði á Hótel Fróni við Laugaveg, og fannst barnið í gámi við hótelið.

Samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins er talið að konan hafi fætt barnið á hótelinu á laugardagsmorgun. Það var búið um barnið í gámnum og því komið þannig fyrir að það blasti ekki við sjónum manna.

Konan hringdi í kjölfarið í fyrrverandi unnusta sinn og sagðist vera orðin alvarlega veik. Maðurinn og faðir hans, sem einnig eru frá Litháen, sóttu hana í vinnuna. Konan vildi fara heim en þeir ákváðu í ljósi ástands hennar að fara með hana á bráðamóttöku Landspítalans. Hvorugur mannanna vissi að konan hafði verið með barni.

Á Landspítalanum töldu læknar að konan hefði fætt barn skömmu áður eða á síðasta sólarhring, þrátt fyrir að hún sagðist ekki kannast við að hafa verið ófrísk.

> Þetta er mikill harmleikur og áfall fyrir alla.
>
> GÍSLI ÚLFARSSON
> HÓTELSTJÓRI Á HÓTEL FRÓNI

Lögreglan var strax látin vita og hafin var leit að barni. Skömmu síðar fannst drengurinn látinn. Talið er að hann hafi fæðst lifandi. Krufning mun leiða dánarorsökina í ljós.

Konan var sett undir eftirlit lögreglu á Landspítalanum í kjölfarið og unnusti hennar fyrrverandi handtekinn. Honum var sleppt eftir skýrslutöku um miðjan dag í gær.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins flutti konan til Íslands í október síðastliðnum. Hún bjó með þáverandi unnusta sínum á heimili föður hans þar til þau slitu samvistum nýverið. Konan hefur starfað á Hótel Fróni sem herbergisþerna í fjóra mánuði og vissi enginn af ástandi hennar þar.

Gísli Úlfarsson, hótelstjóri á Hótel Fróni, segir að stúlkan hafi verið mjög duglegur starfskraftur, brosmild og hress. Engan hafi grunað að hún bæri barn undir belti, hvorki samstarfsmenn hennar né ættingja. „Þetta er mikill harmleikur og áfall fyrir alla,“ segir Gísli. - sv, jss

Fyrrverandi stjórnendur Existu endurgreiða bónus:

# Áttu að vita af slæmri stöðu fyrirtækisins

**VIÐSKIPTI** „Þeim átti að vera ljóst að fyrirtækið hefði ekki efni á að greiða þessa bónusa,“ segir Pétur J. Eiríksson, stjórnarformaður Existu.

Samkomulag hefur náðst við þá Erlend Hjaltason og Sigurð Valtýsson, fyrrverandi forstjóra Existu, og aðra fyrrverandi stjórnendur fyrirtækisins að þeir greiði að fullu til baka bónus sem þeir fengu árið 2009.

Ekki er um háar fjárhæðir að ræða. Báðir forstjórarnir fengu um tíu milljónir króna hvor árið 2009 og aðrir framkvæmdastjórar lægri upphæð. Riftunin nær aðeins til þeirra sem höfðu vitneskju um að fyrirtækið væri ógjaldfært þegar greiðslurnar áttu sér stað.

Exista á Skipti, móðurfélag Símans, tryggingafélagið VÍS, eignaleigufyrirtækið Lýsingu og var helsti hluthafi Kaupþings fyrir bankahrun. Þá var félagið stærri hluthafi Bakkavarar.

Exista tapaði 242 milljörðum króna árið 2009 og bættist það við 206 milljarða tap árið á undan. Eigið fé Existu var neikvætt um tæpa 210 milljarða króna í lok árs 2009 þegar bónusar voru greiddir.

Kröfuhafar Existu sögðu þeim Erlendi og Sigurði upp störfum í apríl í fyrra og tóku fyrirtækið formlega yfir í október. - jab

Jafnar sig eftir aðgerð á hné:

# Bon Jovi dvelur á Hótel Borg

**FÓLK Bandaríski rokksöngvarinn Jon Bon Jovi kom til landsins um helgina ásamt fjölskyldu sinni. Hann dvelur nú á Hótel Borg og jafnar sig eftir hnéaðgerð sem hann gekkst undir á dögunum.**

**Bon Jovi snæddi hádegisverð á veitingastaðnum Silfri á Hótel Borg í gær, en þegar það kvisaðist út pöntuðu fjölmargir borð á staðnum, eflaust í von um að sjá goðið. Þá rölti Bon Jovi um höfuðborgina ásamt óþekktum manni. Hann kom meðal annars við á Íslenska barnum við Austurvöll, en lét þó lítið fyrir sér fara.** - afb / sjá síðu 22





Er svefninn vandamál?
Verðlaunuð náttúruafurð úr Bygg- og Hveitigrösum




Fæst í flestum apótekum og heilsubúðum

## SPURNING DAGSINS



*Steinþór, eruð þið ekki bara með prímadonnu-stæla?*

„Jú, þetta er lærð hegðun enda eina leiðin til að ná árangri í bransanum.“

Bandalag íslenskra tónleikahaldara, BÍT, var stofnað á dögunum til að verja hagsmuni þeirra sem standa í tónleikahaldi. Steinþór Helgi Arnsteinsson er einn stofnenda bandalagsins.

Stjórnarandstaðan vann stórsigur í þingkosningum í Taílandi í gær:

# Kona verður forsætisráðherra

**TAÍLAND, AP** Yingluck Shinawatra verður forsætisráðherra Taílands, fyrst kvenna, en flokkur hennar, Puea Thai, vann stórsigur í þingkosningunum í gær.

Abhisit Vejjajiva, forsætisráðherra landsins, viðurkenndi í gær ósigur Lýðræðisflokksins og sagðist reiðubúinn að gefa Shinawatra tækifæri til að mynda ríkisstjórn. Hann sagðist vilja sjá samheldni og sættir og að Lýðræðisflokkurinn væri tilbúinn til stjórnarandstöðu.

Shinawatra fór sjálf varlega í yfirlýsingar en sagðist myndu leggja sig fram um að vinna í þágu fólksins og að mikið verk væri fyrir höndum. Þá sagði hún viðræður hafnar við einn af smærri flokkunum um samstarf og að rætt yrði við fleiri flokka.

Yingluck Shinawatra er nýgræðingur í stjórnmálum og eru vinsældir hennar raktar til bróður hennar, Thaksins Shinawatra, fyrrverandi forsætisráðherra. Ríkisstjórn hans var steypt af stóli með hervaldi árið 2006. Hann hefur verið í útlegð síðan og sagðist í gær ekki væntanlegur heim strax, hann vildi ekki trufla sáttaferlið sem fram undan væri. **- rat**



**YINGLUCK SHINAWATRA** fagnar sigri Puea Thai flokksins í þingkosningum í Taílandi. NORDICPHOTOS/AFP

Bændur mótmæla sparnaði:

# Ríkið styður ekki refaveiðar

**FÓLK Bændur í Skútustaðahreppi hafa mótmælt með undirskriftum niðurskurði ríkisins á fjárveitingum til refaveiða. Þetta kom fram í fréttum RÚV. Ríkið hefur hætt niðurgreiðslu fyrir refaveiðar og heyra veiðarnar hér eftir undir sveitarfélögin.**

**Þetta telja íbúar hreppsins að muni koma niður á sauðfjárbændum og skaði lífríki Skútustaðahrepps. Ingi Þór Yngason, refaskytta til 35 ára, segir að refnum hafi fjölgað jafnt og þétt á kostnað fuglavarps undanfarin ár. - rat**



**HERJÓLFUR** Fjöldi fólks festist í Vestmannaeyjum í gær eftir að Herjólfur hætti við siglingar í Landeyjahöfn. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Landeyjahöfn lokaðist í gær:

# Um tvö þúsund manns fastir

**SAMGÖNGUR Slæm veðurskilyrði urðu til þess að Herjólfur sigldi ekki tvær ferðir í Landeyjahöfn í gærdag. Varð það til þess að um tvö þúsund manns sem voru á Goslokahátíð í Vestmannaeyjum um helgina komust ekki leiðar sinnar, segir á Vísi.**

**Í tilkynningu frá Eimskip segir að vindur hafi farið allt upp í 22 metra á sekúndu í hviðum og ölduhæð allt upp í 2,6 metra á Bakkafjöruduflum. Reynt verður að fara tvær ferðir í dag. - sv**

Vill flýta olíuleit á Drekasvæði:

# Óska eftir fundi í iðnaðarnefnd

**IÐNAÐUR** „Það er klúður af hálfu stjórnarflokkanna að leggja ekki áherslu á að koma þessu máli í gegnum þingið,“ segir Gunnar Bragi Sveinsson, þingmaður Framsóknarflokksins, sem sæti á í iðnaðarnefnd Alþingis.

Hann, Jón Gunnarsson og Tryggvi Þór Herbertsson, þingmenn Sjálfstæðisflokks sem sitja í nefndinni, hafa óskað eftir því að boðað verði sem fyrst til fundar í nefndinni til að ræða stöðu útboðsmála vegna olíuleitar á Drekasvæðinu.

Ekki náðist að afgreiða nauðsynlegar lagabreytingar frá Alþingi fyrir þinglok og verður að fresta útboðum um olíuleit á svæðinu um þrjá til fjóra mánuði. **- jab**

## Þróun legudaga, greininga og rítalínnotkunar síðustu ár




Heimildir: Landlæknisembættið og Sjúkratryggingar Íslands

# Legudagar sexfaldast hjá fólki með ADHD

**Fjöldi legudaga hjá þeim einstaklingum sem hafa fengið greininguna ADHD hefur sexfaldast á síðustu árum. Fólk er þó almennt lagt inn vegna annarra undirliggjandi geðraskana. Fjöldi greindra einstaklinga fer hækkandi ár frá ári.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Fjöldi legudaga hjá þeim einstaklingum sem greindir eru með athyglisbrest með ofvirkni (ADHD) hefur margfaldast á síðustu árum. Fjölgun legudaga er mest hjá einstaklingum undir átján ára aldri, en árið 2005 voru legudagar hjá þeim tíu einstaklingum sem lögðust inn alls 337. Árið 2009 voru þeir 1.035. Eru þetta upplýsingar frá landlæknisembættinu.

Sólveig Jónsdóttir, doktor í klínískri taugasálfræði, segir afar óalgengt að börn séu lögð inn einungis vegna ADHD.

„Börn eru yfirleitt greind með ADHD á göngudeild og þurfa ekki innlögn,“ segir hún. „Það má heldur ekki gleyma því að það eru mjög fáir einstaklingar á bak við þessar tölur og einn eða tveir geta breytt miklu.“

Legudögum hjá fullorðnum hefur fjölgað töluvert síðustu ár og fleiri einstaklingar eru greindir með ADHD.

> Fólk sem hefði mikið gagn af því að nota lyf er í mikilli hættu á því að misnota þau.
>
> **PÁLL MATTHÍASSON**
> FRAMKVÆMDASTJÓRI GEÐSVIÐS LSH

Páll Matthíasson, framkvæmdastjóri geðsviðs Landspítalans, segir, líkt og Sólveig, að það sé nær útilokað að einstaklingar leggist inn vegna ADHD eingöngu. Hins vegar hafi röskunin í för með sér marga undirliggjandi þætti sem geta valdið því að einstaklingur þarf á sjúkrahúsvist að halda.

„Það er alltaf eitthvað um að fólk sem liggi inni sé með greininguna ADHD, en það er meðfram öðrum vandamálum. Það er sérstaklega mikil skörun við fíknivanda og geðhvörf,“ segir Páll. „Það gerir þetta erfitt. Fólk sem hefði mikið gagn af því að nota lyf er í mikilli hættu á því að misnota þau.“ Hann segist þó ekki vita til þess að misnotkun rítalíns og skyldra lyfja hjá fólki með ADHD sé algengt vandamál.

Varðandi aukinn fjölda greininga ADHD hjá fullorðnum segir Páll að það sé ólíklegt að tíðni röskunarinnar sé almennt að aukast, heldur hafi greiningarkerfið verið bætt og því fleiri greindir ár frá ári.

Páll segir fjölgun legudaga geta skýrst af innlögnum á þær deildir sem hafa lengstan legutíma, eins og öryggisdeildin á Kleppi. Þar sé meðallegutími um það bil eitt ár. Þá bendir hann á að um sé að ræða afar fáa einstaklinga sem leggjast inn og einn eða tveir geti auðveldlega aukið fjölda legudaga um helming. **sunna@frettabladid.is**



**TURNINN Á HRÓARSKELDU** Tvær konur hafa fallið úr turninum á hátíðinni. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Kona lést á Hróarskeldu:

# Féll 31 metra úr turni á svæðinu

**DANMÖRK** Þýsk, 35 ára gömul kona lést á Hróarskelduhátíðinni í gær. Hún féll 31 metra úr turni á tónleikasvæðinu. Danskir fjölmiðlar hafa það eftir sjónarvottum að konan hafi látist samstundis við fallið. Hún mun hafa verið í mjög annarlegu ástandi.

Önnur stúlka féll einnig niður af turninum og slasaðist töluvert, en hún er ekki talin vera í lífshættu. Rannsókn lögreglunnar á Hróarskeldu beinist nú meðal annars að því hvort öryggisbúnaði á svæðinu sé ábótavant. **- sv**

Gefur frá sér 99,2 desibil:

# Títa háværasta dýr í heiminum

**SKOTLAND Háværasta dýr í heimi miðað við stærð, er vatnatítan Micronecta scholtzi. Hún er einungis 2 mm að lengd en gefur frá sér hljóð upp á 99,2 desibil. Þetta hafa vísindamenn við háskólann í Glasgow sýnt fram á.**

**Hljóð vatnatítunnar er vel greinanlegt mannseyranu, þrátt fyrir að 99 prósent þess kafni á ferð þess gegnum vatnið. Vatnatítan myndar hljóðið með því að nudda saman tveimur líkamshlutum. Vísindamönnunum er enn hulið hvernig hin örsmáa vatnatíta getur framkallað svo hátt hljóð með svo litlum líkamspörtum. - rat**


HÓPKAUP.IS Í DAG
Kaffi og ilmandi, nýbakað sætabrauð
295 kr.
GILDIR Í 24 TÍMA
Verð 605 kr.
Afsláttur 52%
Afsláttur í kr. 310 kr.
50 viðskiptavini þarf til að virkja tilboðið
PIPAR\TBWA • SÍA • 111531
SANDHOLT REYKJAVÍK



Komdu í Sandholt bakarí, fáðu þér kaffi og veldu þér ilmandi, nýbakað sætabrauð með því.
www.sandholt.is
HÓPKAUP
í krafti fjöldans
hópkaup.is


Stjórnlagaráð gerir tillögur um náttúru Íslands og umhverfi í stjórnarskrá:

# Réttur til að njóta náttúrunnar

**STJÓRNSÝSLA** A-nefnd stjórnlagaráðs hefur lagt fram þrjár tillögur um náttúru Íslands og umhverfi til afgreiðslu í áfangaskjal ráðsins. Hnykkt hefur verið á rétti almennings til að njóta náttúrunnar.

Í tillögunum er kveðið á um að auðlindir í náttúru Íslands, sem ekki eru í einkaeigu, skuli vera sameiginleg og ævarandi eign þjóðarinnar. Enginn geti fengið þær eða réttindi tengd þeim til eignar eða varanlegra afnota. Stjórnvöld beri, ásamt þeim sem nýta auðlindirnar, ábyrgð á vernd þeirra. Við nýtingu auðlindanna skuli hafa sjálfbærni að leiðarljósi.

Tillögurnar gera ráð fyrir því að stjórnvöld geti á grundvelli laga veitt leyfi til afnota eða hagnýtingar auðlinda gegn fullu gjaldi og til hóflegs tíma í senn. Slík leyfi leiði hins vegar aldrei til eignarréttar eða óafturkallanlegs forræðis yfir auðlindunum.

Verði tillögurnar að veruleika verður öllum tryggður réttur á heilnæmu umhverfi, fersku vatni, ómenguðu andrúmslofti og óspilltri náttúru. Í því felist að fjölbreytni lífs og lands sé viðhaldið og náttúruminjar, ósnortin víðerni, gróður og jarðvegur njóti verndar.



**STJÓRNLAGARÁÐ** A-nefnd stjórnlagaráðs leggur til að stjórnvöld geti sett á auðlindagjald og að leyfi til nýtingar leiði ekki til eignarréttar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Í samræmi við Árósasamninginn er jafnframt lagt til að tryggja skuli almenningi aðgang að undirbúningi ákvarðana sem hafa áhrif á umhverfi og náttúru og aðild að málum þeim tengdum. **- kóp**


Brakandi góð tilboð!
2.000 kr. símnotkun á mánuði í 12 mánuði fylgir þessum farsíma!
4.990 kr. /18 mán.
LG Optimus Black/White
2.000 kr. símnotkun á mán. í 12 mán. fylgir!
Stgr.: 79.990 kr.
1.000 kr. símnotkun á mánuði í 12 mánuði fylgir þessum farsíma!
2.690 kr. /12 mán.
LG Optimus Me
1.000 kr. símnotkun á mán. í 12 mán. fylgir!
Stgr.: 29.990 kr.
9.990 kr.
URBANEARS Plattan
4.990 kr.
URBANEARS Bagis
3.490 kr. /12 mán.
LG Optimus One
1.000 kr. símnotkun á mán. í 12 mán. fylgir!
Stgr.: 39.990 kr.
1.000 kr. símnotkun á mánuði í 12 mánuði fylgir þessum farsíma!
Stærsti skemmtistaður í heimi!
NOVA
Verslanir Nova eru í Kringlunni, Smáralind, Lágmúla, MM Selfossi og á Glerártorgi Akureyri | Þjónustuver 519 1919
www.nova.is | m.nova.is | Facebook | Twitter
Farsímatilboð Nova: Símnotkun fylgir með 0 kr. Nova í Nova og Eitt verð í alla, áskrift og frelsi. Mánaðarleg afborgun greidd með kreditkorti + 250 kr./mán. greiðslugjald. Það er ódýrara að staðgreiða og þá þarf ekki kreditkort.
DAGUR & STEINI

**GENGIÐ 01.07.2011**

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 113,93 | 114,47 |
| Sterlingspund | 182,63 | 183,51 |
| Evra | 165,33 | 166,25 |
| Dönsk króna | 22,161 | 22,291 |
| Norsk króna | 21,221 | 21,345 |
| Sænsk króna | 18,108 | 18,214 |
| Japanskt jen | 1,4108 | 1,4190 |
| SDR | 182,40 | 183,48 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
219,9611

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Um 130 þúsund skammtar af inflúensubóluefni munu renna út um næstu áramót:

# Heildarvirði efnisins um 150 milljónir

**HEILBRIGÐISMÁL** Um 130 þúsund skammtar af bóluefni gegn svínainflúensu renna út um næstu áramót. Heildarvirði bóluefnisins er um 150 milljónir króna. 300 þúsund skammtar af inflúensubóluefni voru keyptir árin 2009 og 2010 og nam kostnaðurinn um 350 milljónum króna, samkvæmt upplýsingum frá sóttvarnalækni. Þeir 130 þúsund skammtar sem eru eftir eru hugsaðir sem varasjóður.

„Við erum sem betur fer að sleppa við annan faraldur,“ segir Haraldur Briem sóttvarnalæknir. „Við höfum bólusett á bilinu 150 til 160 þúsund manns og það sem er eftir eru varabirgðir ef eitthvað skrýtið kæmi upp á.“

Íslensk yfirvöld áætluðu að bólusetja helming þjóðarinnar gegn svínaflensu. Í fyrstu var talið nauðsynlegt að bólusetja hvern einstakling tvisvar, en í ljós kom að bóluefnið var öflugra heldur en búist var við. Því þurfti bara að bólusetja einu sinni.

„Það voru mörg lönd sem keyptu tvöfaldan skammt fyrir alla þjóð sína. Þeir sitja uppi með virkilegt vandamál,“ segir Haraldur. Hann segir miklar kröfur hafa verið á heilbrigðiskerfið í fyrstu að kaupa nægilegt magn af bóluefnum þegar faraldurinn stóð sem hæst. „Svo komu gagnrýnisraddir þegar við vorum búin að kaupa allt bóluefnið og faraldurinn fór í rénun.“

Í september ætlar landlæknisembættið að hefja bólusetningar gegn leghálskrabbameini. Verða allar 12 ára stúlkur bólusettar. Kostnaðurinn við það, ásamt árstíðabundnum flensusprautum nemur 272 milljónum króna. - sv



**HARALDUR BRIEM** Sóttvarnalæknir segir inflúensubóluefnið öflugra en talið var í fyrstu, því voru keyptir 300 þúsund skammtar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**FRÁ ÓLYMPÍULEIKUNUM Í PEKING 2008** Talið er að hátt í 200 milljónir manna hafi verið viðstaddir Ólympíuleikana í Peking árið 2008. NORDICPHOTOS/AFP

Ólympíuleikarnir vinsælir:

## Yfir 3,5 milljónir miða seldar

**ENGLAND Yfir 3,5 milljónir miða hafa nú verið seldar á Ólympíuleikana í London á næsta ári. Búið er að selja miðana í skömmtum og seldust rúmlega 750 þúsund miðar til um 150 þúsund manns í í síðasta skammtinum. Þetta kemur fram á fréttavef BBC.**

**Síðustu sölutörninni lauk klukkan sex í gærdag og var opin þeim sem náðu ekki í miða fyrr á þessu ári. Fleiri miðar verða nú settir á sölu og eru um 700 þúsund manns komnir á biðlista eftir þeim.** - sv

Úrhellisrigning í Danmörku:

## Milljarða tjón vegna flóða

**DANMÖRK** Gríðarlegt úrhelli varð í Kaupmannahöfn og nágrenni á laugardag. Úrkoman mældist á milli fimmtíu til hundrað millimetrar á nokkrum klukkutímum en meðalúrkoma er 68 millimetrar í júlí í Kaupmannahöfn. Rigningin orsakaði flóð og er talið að tjón af þeirra völdum geti hlaupið á milljörðum danskra króna.

Úrhellið hafði mikil áhrif á samgöngur Kaupmannahafnar en tvö hundruð ökumenn fengu hjálp frá dönsku bifreiðaaðstoðinni aðfaranótt sunnudags. Spáð var öðru úrhelli í gærkvöld en veðurfræðingar töldu að það yrði ekki eins gríðarlegt. - mmf

# Hafnfirðingar hafa ekki efni á að hjálpa

**Álftnesingar vilja að Strætó fjölgi þar ferðum en hafa ekki efni á að borga. Stjórn Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu leggur til að önnur sveitarfélög hlaupi undir bagga. Bæjarfulltrúi í Hafnarfirði vill ekki greiða meira.**

**SAMGÖNGUR** „Hafnfirðingar eru með milljarðalán í vanskilum, eru að skera niður og hagræða á öllum sviðum og með mjög erfiða lausafjárstöðu. Mér finnst það algjörlega galið að leggja til að sveitarfélagið greiði reikninga fyrir aðra,“ segir Rósa Guðbjartsdóttir, bæjarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins í Hafnarfirði.

Á fundi bæjarráðsins 23. júní síðastliðinn var fjallað um erindi frá stjórn Samtaka sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu (SSH) þar sem farið var á leit að þau auki framlög sín í byggðasamlagið Strætó bs. í eitt ár vegna breyttrar þjónustu við Álftanes.

Strætó gengur í um tólf klukkustundir á virkum dögum á Álftanes, á milli klukkan sjö að morgni til sjö að kvöldi. Engar ferðir eru á kvöldin og um helgar.

Erindið barst eftir fund fulltrúa Álftaness og Strætó þar sem fjallað var um óskir um tíðari ferðir Strætó bs. á Álftanes. Fram kom á fundunum að miðað við núverandi fjárhagsstöðu hafi Álftnesingar ekki ráð á að leggja meira fé til Strætó bs.

Áætlað er að útgjöld sveitarfélaganna vegna þessa verði um tíu til fjórtán milljónir króna á ári. Þar af mundu útgjöld Hafnarfjarðarbæjar vegna þessa aukast um 1,5 til tvær milljónir króna á mánuði til áramóta.

Guðrún Ágústa Guðmundsdóttir, formaður bæjarráðsins og formaður Strætó bs., segir tillögu SSH hafa borist seint daginn fyrir fund bæjarráðs. Páll Guðjónsson, framkvæmdastjóri SSH, hafi verið gestur á fundinum og því ákveðið að hann kynnti málið fyrir bæjarráði Hafnarfjarðar. Ekki hafi átt að afgreiða málið á sama tíma enda ekki hluti af útsendri dagskrá.

Hún bætir við að of snemmt sé að segja til um afdrif málsins enda eigi eftir að afgreiða það í öðrum sveitarfélögum sem hlutdeild eiga í Strætó bs. Málið hefur verið afgreitt af hálfu Garðbæinga. Hún telur líkur á að tillaga stjórnar SSH verði afgreidd í næstu viku.

Rósa segir Hafnfirðinga eiga í nægu basli með sig. Ekki sé á bætandi að greiða fyrir bætta þjónustu við sveitarfélag sem hafi ekki sjálft efni á henni.

jonab@frettabladid.is



**FÓLK AÐ FARA INN Í STRÆTÓ** Enginn strætó fer um Álftanes á kvöldin og um helgar. Álftnesingar vilja fjölga ferðum en hafa ekki efni á að greiða reikninginn. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

> Mér finnst það algjörlega galið að leggja til að sveitarfélagið greiði reikninga fyrir aðra.
>
> RÓSA GUÐBJARTSDÓTTIR
> BÆJARFULLTRÚI SJÁLFSTÆÐISFLOKKSINS

Dregur úr tapi Olís milli ára:

## Eigendurnir fá milljónir í arð

**VIÐSKIPTI** Olíuverzlun Íslands, Olís, tapaði tæpum 430 milljónum króna árið 2009 samanborið við tæplega sex milljarða tap árið 2008.

Í ársreikningum félagsins fyrir árin 2008 og 2009 kemur fram að eigendur fyrirtækisins hafi fengið 625 milljónir króna í arð árið 2008 vegna afkomu ársins á undan en þá nam hagnaður Olís rúmum 1,1 milljarði. Arður var ekki greiddur út árið 2009 enda var tap á rekstri Olís árið 2008. Það áður höfðu eigendur Olís fengið 750 milljónir greiddar í arð árið 2007.

Til samanburðar er verðmæti hlutafjár Olís 670 milljónir króna. - jab



**EINAR BENEDIKTSSON**

Lögregla rannsakar nauðgun:

## Maður liggur undir grun

**LÖGREGLUMÁL Lögreglan á Sauðárkróki rannsakar meinta nauðgun sem átti sér stað á Landsmóti hestamanna á Vindheimamelum í Skagafirði nú um helgina.**

**Ung kona tilkynnti um nauðgunina undir morgun á sunnudag. Einn maður er grunaður um verknaðinn en lögregla hafði ekki náð tali af honum í gærkvöldi.**

**Mótið fór annars vel fram að sögn lögreglu. Talsvert var um það í gær að mótsgestir færu of snemma af stað akandi eftir hátíðahöldin og stöðvaði lögreglan hátt í tug mótsgesta sem ekki var í ökufæru ástandi.** - rat


ÚTSALA

38

ÞREP

Laugavegi 49 / sími 561 5813


## VEÐURSPÁ



**Snjólaug Ólafsdóttir** veðurfréttamaður

**AÐ STYTTA UPP**
Ágætis veður næstu daga. Einhver úrkoma um mest allt land í dag en styttir að mestu upp til morguns. Vindur að hægja á sér og ágætlega hlýtt, yfirleitt á bilinu 8-18 stig.




**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 31° |
| Basel | 27° |
| Berlín | 18° |
| Billund | 25° |
| Frankfurt | 24° |
| Friedrichshafen | 26° |
| Gautaborg | 23° |
| Kaupmannahöfn | 23° |
| Las Palmas | 26° |
| London | 23° |
| Mallorca | 29° |
| New York | 31° |
| Orlando | 33° |
| Ósló | 19° |
| París | 24° |
| San Francisco | 24° |
| Stokkhólmur | 21° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.


**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is,* Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is,* Hlynur Þór Steingrímsson *hlynurs@365.is,* Laila Awad *laila@365.is,* Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **ALLT SÍMI 512-5402:** Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is* **SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016:** Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is,* Sigríður Hallgrímsdóttir *sigridurh@frettabladid.is,* Þórdís Hermannsdóttir *thordish@365.is,* Ívar Örn Hansen *ivarorn@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR/FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is,* Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Sigurlaug Aðalsteinsdóttir *sigurlaug@365.is,* Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is,* Guðný Gunnlaugsdóttir *gunny@365.is,* **KYNNINGARSTJÓRI:** Einar Skúlason *einar.skulason@365.is*




# GERÐU FRÁBÆR KAUP!

## ALLAR ÚTSÖLUVÖRUR 250-3000 KR.

*það gerist varla betra...*

**HAGKAUP**
*Ein ferð betra verð*

**KJÖRKASSINN**



*Finnst þér að sameinaðir skólar í Reykjavík eigi að fá ný nöfn?*

| | |
|---|---|
| Já | 34,6% |
| Nei | 65,4% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Hefur þú orðið fyrir umferðaróhappi á einbreiðri brú?*

Segðu þína skoðun á Vísi.is

Geir Haarde segir erlendum fjölmiðlum að landsdómsmálið sé pólitískur farsi:

# Bjargaði landinu frá gjaldþroti

**DÓMSMÁL** Hefði ríkisstjórn Geirs H. Haarde reynt að bjarga gömlu bönkunum hefði landið getað lent í svipuðum hremmingum og Írar og Grikkir, jafnvel orðið gjaldþrota. Það var því rétt ákvörðun að láta gömlu bankana fara í þrot.

Þetta segir Geir H. Haarde, fyrrverandi forsætisráðherra, í samtali við AFP-fréttastofuna um helgina, sem fjallar um málarekstur hans í landsdómsmálinu.

Geir bendir á að fjármálakreppan hafi verið alþjóðleg og fleiri bankar lent í vandræðum en hinir íslensku. Viðbrögð stjórnvalda hér við skellinum hafi skilað því að hagkerfið hafi staðið erfiðleikana af sér og sé framleiðslugetan óbreytt.

Geir segir dómsmálið á hendur sér farsa, Það sé runnið undan rifjum pólitískra andstæðinga sem reyni að gera hrunið að sakamáli.

Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra vísar, í samtali við AFP, ummælum Geirs á bug. Hann bendir á að þótt enginn hafi komist hjá því að finna fyrir kreppunni þá hefði mátt grípa inn í atburðarásina til að draga úr tjóninu þegar ljóst var hvert stefndi. „Gögn sýna að lítið var gert,“ segir hann. **- jab**



**GEIR FYRIR LANDSDÓMI** Fyrrverandi forsætisráðherra segist ánægður yfir því að hann hafi einn verið ákærður fyrir vanrækslu í aðdraganda hrunsins. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Lék sér að byssu föður síns:

## Liggur enn á gjörgæsludeild

**GRÆNLAND** Líðan sjö ára gamallar grænlenskrar stúlku sem gekkst undir kviðarholsaðgerð á Landspítalanum á laugardagskvöld er stöðug eftir atvikum, samkvæmt upplýsingum læknis á gjörgæsludeild Landspítalans.

Stúlkan varð fyrir voðaskoti þar sem hún var að leika sér með byssu föður síns í heimabæ sínum Tasiilaq á Grænlandi á laugardag. Faðir hennar fylgdi henni til Reykjavíkur.

Stúlkan er laus úr öndunarvél en liggur á gjörgæsludeild. **- rat**


Áttu gamalt hús sem þarf að gera við en veist ekki hvar á að byrja?



HÚSVERNDARSTOFA
Fræðslustofa um viðhald og viðgerðir eldri húsa
Endurgjaldslaus ráðgjöf í Árbæjarsafni miðvikudaga kl. 16 – 18 og á sama tíma í síma 411 6333
Húsafriðunarnefnd – IÐAN fræðslusetur – Minjasafn Reykjavíkur


# Fólksflótti mun valda skorti á vinnandi fólki

**Staða Litháen er öðruvísi en margir bjuggust við 20 árum eftir að landið fékk sjálfstæði, segir Ramunas Bogdanas. Hann kom hingað árið 1990 til að leita stuðnings við sjálfstæðisbaráttuna. Vilja bætur frá löndum sem soga til sín fólk.**

**UTANRÍKISMÁL** „Íslendingar eru dáðir í Litháen,“ segir Ramunas Bogdanas sem var nánasti aðstoðarmaður Landsbergis, fyrsta forseta Litháens, eftir að lýst var yfir sjálfstæði þar í landi árið 1990.

Eystrasaltslöndin þrjú halda upp á tuttugu ára viðurkenningu alþjóðasamfélagsins á sjálfstæði þeirra á þessu ári, en Eistland og Lettland fengu sjálfstæði árið 1991. Ísland var fyrsta landið sem viðurkenndi sjálfstæði Eystrasaltslandanna.

Bogdanas var fyrsti Litháinn sem kom til Íslands til að leita eftir stuðningi við sjálfstæðisbaráttu Litháa árið 1990. „Margir Litháar segjast hafa búist við öðruvísi Litháen eftir sjálfstæðið,“ segir Bogdanas en bætir við að séu þeir inntir eftir hverju þeir bjuggust við verði oft fátt um svör. „Kannski var það paradís.“

Litháar hafa að sögn Bogdanas fundið fyrir kreppunni á undanförnum árum. „Bankarnir voru útlánaglaðir. Peningar flæddu inn í landið, aðallega frá Skandinavíu,“ segir Bogdanas en á sama tíma hækkaði fasteignaverð mikið. „Jafnvel þótt fólk selji fasteign sína dugir það ekki fyrir skuldunum. Bólan sprakk og við lentum harkalega.“

Bogdanas segir að stærsta vandamálið sem Litháen glími við í dag sé mikill flutningur fólks úr landi. „Þegar við fengum sjálfstæði bjuggu 3,8 milljónir í landinu en í dag erum við 3,2 milljónir. Það er unga fólkið sem fer, vinnuaflið.“

Að sögn Bogdanas er kreppan í Litháen nú að mestu liðin hjá og er hagvöxtur landsins með því mesta sem mælist í Evrópusambandinu eða 7,5 prósent. „Það þýðir samt að fljótlega mun okkur skorta vinnuafl,“ upplýsir Bogdanas en flestir flytjast til Englands og Írlands. Auðveldara varð fyrir Litháa að flytjast úr landi eftir inngöngu í Evrópusambandið árið 2004, vegna frjáls flæðis vinnuafls. „Það stuðlar samt að ójafnvægi Evrópulanda vegna þess að launin eru lægri í Austur-Evrópu heldur en í vesturhluta álfunnar.“

Aðspurður segir Bogdanas þó að áhrif Evrópusambandsins séu mjög jákvæð. „Við fáum stuðning á ýmsum sviðum, eins og í landbúnaði. Við getum ekki hindrað fólk í að flytja úr landi en það eru til lausnir á því vandamáli. Nú er farið að ræða um að þau lönd sem taka við vinnuafli úr fátækari löndum bæti þeim tjónið sem þau verða fyrir vegna þess að menntað fólk flytur úr landi.“

**martaf@frettabladid.is**



**TÍMAMÓT** Ramunas Bogdanas kom hingað til lands fyrir rúmum 20 árum til að leita eftir stuðningi Íslendinga við sjálfstæði Litháen. FRÉTTABLAÐIÐ/HAG

> Við getum ekki hindrað fólk í að flytja úr landi en það eru til lausnir á því vandamáli. Nú er farið að ræða um að þau lönd sem taka við vinnuafli úr fátækari löndum bæti þeim tjónið.
>
> **RAMUNAS BOGDANAS**









Hestakostur sagður einstaklega góður á Landsmóti hestamanna í Skagafirði:

# Ómur stóð uppi sem sigurvegari

**HESTAMENNSKA** Glæsilegu Landsmóti hestamanna lauk á Vindheimamelum í Skagafirði í gær og var mál manna að hestakostur þar hafi verið einstaklega góður.

Landsmótið átti að halda í fyrra en það var fellt niður vegna smitandi hestaflensu.

Síðasta atriði mótsins var keppni alhliða gæðinga. Ómur frá Kvistum var óumdeilanlegur sigurvegari A-flokks gæðinga. Það var hinn kunni knapi Hinrik Bragason sem sýndi hestinn og uppskáru þeir einkunnina 8,98. Hinrik fékk jafnframt Gregersen-styttuna sem veitt er þeim knapa sem skarar fram úr í gæðingakeppnum mótsins og sýnir prúðmannlega framkomu á afburða vel hirtu hrossi.

Þá hlaut Þórður Þorgeirsson verðlaun Félags tamningamanna fyrir framúrskarandi árangur í sýningu kynbótahrossa og fágaða reiðmennsku. Hann sýndi meðal annars Spuna frá Vesturkoti. Spuni hlaut einkunnina 9,25 fyrir hæfileika á mótinu. **- bja**



**ÓMUR Á FLEYGIFERÐ** Ómur og Hinrik á glæsilegu tölti í lokaatriði Landsmóts hestamanna 2011. FRÉTTABLAÐIÐ/BJARNI

Eirberg





BAUERFEIND®

# Viðurkenndar stuðningshlífar

- Virkur stuðningur
- Vandaður vefnaður
- Góð öndun
- Einstök hönnun
- Fjölbreytt úrval

*Fagleg ráðgjöf sjúkraþjálfara. Tímapantanir.*

Í sumar er opið virka daga frá kl. 9 -18 • Stórhöfða 25 • Sími 569 3100 • eirberg.is

## VEISTU SVARIÐ?



1 Hvað hefur rabarbari fylgt íslensku þjóðinni lengi?

2 Hversu mikið af sorpi er urðað í urðunarstöðinni Álfsnesi á mánuði?

3 Hver sofnaði yfir Bíódögum í Ríkissjónvarpinu?

SVÖR

1. Í 130 ár. 2. Á bilinu 5 til 7 þúsund tonn 3. Sigrún Stefánsdóttir, dagskrárstjóri RÚV.

Eftirlitsstofnun EFTA gefur út álit um bótagreiðslur, starfsmannaleigur og frítöku:

# Takmarkanir á bótum ólögmætar

**STJÓRNSÝSLA** Það ákvæði íslensks vinnuréttar sem kveður á um að farandlaunþegi þurfi að hafa verið í fullu starfi í að minnsta kosti einn mánuð áður en hann á rétt á atvinnuleysisbótum eru ólögmætar, samkvæmt áliti ESA, eftirlitsstofnunar EFTA. Ákvæðið brýtur í bága við EES-samninginn.

Svipaðar takmarkanir í Noregi eru einnig ólögmætar.

Þetta er eitt af þremur nýlegum álitum ESA er varða Ísland. Stofnunin kvað einnig á um að ekki væri hægt að setja takmarkanir á frídaga sem flyttust á milli ára, það er að segja hvenær ársins þeir væru nýttir. Þá gaf ESA íslenskum stjórnvöldum lokaviðvörun varðandi starfsemi erlendra starfsmannaleiga hér á landi.

Þær þurfa í dag að tilkynna yfirvöldum um starfsemina átta dögum áður en hún hefst, að hafa fulltrúa á Íslandi og afhenda upplýsingar um verkamenn sem hingað eru sendir. ESA telur að sameiginleg áhrif þessara ákvæða séu íþyngjandi og brjóti í bága við EES-samninginn. **- kóp**



**LAUNÞEGAR** Ákvæði í íslenskum lögum um starfsmannaleigur þykir íþyngjandi.

Tveir ræktendur handteknir:

# Með 155 kannabisplöntur

**LÖGREGLUMÁL Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu stöðvaði kannabisræktun í iðnaðarhúsnæði í Kópavoginum í síðustu viku.**

**Við húsleit fundust 155 kannabisplöntur á misjöfnu stigi ræktunar og lítilræði af marijúana. Tveir karlmenn á fertugsaldri voru handteknir og yfirheyrðir vegna málsins. Þeim var sleppt að loknum yfirheyrslum og telst málið upplýst.**

**Lögreglan minnir á fíkniefnasímann 800-5005 þar sem koma má með nafnlausar ábendingar.** **- jss**



**Á VOPNAFIRÐI** Ný tækni gerir kleift að auka verðmæti í frystihúsi HB Granda. MYND/HB GRANDI

Síldar- og makrílvertíðin:

# Vinnsla gengur vel á Vopnafirði

**SJÁVARÚTVEGUR** Góður gangur hefur verið í vinnslu á síld og makríl í frystihúsi HB Granda á Vopnafirði í sumar. Búið er að taka á móti alls um 4.300 tonnum af síld og makríl og þar af er síldaraflinn tæplega 2.600 tonn.

Um 100 til 120 manns vinna að jafnaði á vöktum hjá fyrirtækinu og þótt kalt vor og sumarbyrjun hafi orðið þess valdandi að aflabrögð hafi verið minni en vonir stóðu til, hefur full vinnsla verið í frystihúsinu síðastliðinn hálfan mánuð. **- shá**

Fréttastjóra sagt upp störfum:

# Fékk koss fyrir fríið en síðan uppsagnarbréf

**FJÖLMIÐLAR Haukur Holm, fyrrverandi fréttastjóri Útvarps Sögu, fékk uppsagnarbréf frá lögmanni útvarpsstöðvarinnar stuttu eftir að hann fór í sumarfrí. Hann hafði verið starfandi á stöðinni í ár.**



**HAUKUR HOLM**

**„Ég fékk koss að skilnaði þegar ég fór í frí í lok júní. [Útvarpsstjóri] tjáði mér að ég ætti það nú skilið þar sem ég væri búinn að vinna svo mikið,“ segir Haukur. „Svo kom uppsagnarbréf nokkrum dögum síðar.“**

**Arnþrúður Karlsdóttir útvarpsstjóri segir að Haukur hafi verið látinn fara eftir að skoðanakannanir leiddu í ljós að fréttir á stöðinni fengu ekki nægilega hlustun.** **- sv**

# Dregið úr aðgerðum til að auka öryggi vegna fjárskorts

**Enn eru 42 einbreiðar brýr á hringveginum en stefnt er að fækkun þeirra. Allar eru á austari helmingi landsins. Dregið hefur úr framkvæmdum við tvöföldun brúa vegna fjárskorts hjá Vegagerðinni.**

**UMFERÐARMÁL** Alls eru 42 einbreiðar brýr á hringveginum á svæði sem nær frá Jökulsá á Sólheimasandi að Tinnudalsá í Breiðdal. Líkt og Fréttablaðið greindi frá eru alls 722 einbreiðar brýr í vegakerfi landsins, þar af 423 á stofn- og tengivegum.

G. Pétur Matthíasson, upplýsingafulltrúi Vegagerðarinnar, segir að einbreiðum brúm hafi fækkað verulega undanfarin ár. Stefnan hafi verið að fækka þeim um 30 til 40 á ári, en dregið hafi úr framkvæmdum eftir hrun og tíu til fimmtán brýr verið tvöfaldaðar á ári.

Rögnvaldur Gunnarsson, forstöðumaður hjá Vegagerðinni, segir að róðurinn hafi þyngst undanfarin ár. Það skýrist bæði með fjárskorti en einnig vegna þess að byrjað hafi verið á smærri brúnum og framkvæmdirnar verði dýrari eftir því sem brýrnar eru stærri. „Það er unnið eftir því í meginatriðum að reyna að fækka þeim þar sem umferðin er meiri, en þetta er erfitt, þetta eru dálítið margar brýr.“

Einbreiðar brýr skapa slysahættu og svokallaðir svartblettir, þar sem fjöldi svipaðra slysa verður, eru oft og tíðum við þær. Einar Magnús Magnússon, upplýsingafulltrúi Umferðarstofu, segir að þar á bæ hafi menn miklar áhyggjur af einbreiðum brúm. Umferðarstofa hefur unnið kynningarefni fyrir erlenda ferðamenn, sem ekki eiga að venjast einbreiðum brúm.

„Það er ekkert launungarmál að menn hafa haft áhyggjur af þessu, enda eru einbreiðar brýr miklir slysavaldar,“ segir Einar.

Hann segir svartbletti á vegakerfi landsins, þar sem flest slys verða, oftar en ekki í námunda við einbreiðar brýr.

Rögnvaldur segir að slysum við einbreiðar brýr hafi fækkað að undanförnu. Hvort það skýrist af betri fræðslu eða því að brúnum hefur fækkað skal hins vegar ósagt látið.

## Einbreiðar brýr á hringveginum



Unnið er að tvöföldun brúarinnar yfir Haffjarðará á Snæfellsnesi og lýkur því verki í haust. Þá fékk Vegagerðin viðbótarfjárveitingu til að tvöfalda fjórar brýr á Vestfjörðum og hefjast framkvæmdir við þær í haust.

Rögnvaldur segir slysahættuna mikla við einbreiðar brýr og einnig séu þær margar hverjar orðnar mjög gamlar og því nauðsynlegt að endurnýja þær.

Í umferðaröryggisáætlun til ársins 2016 er stefnt að öruggari vegum og eyðingu svartbletta. Þeir eru skilgreindir sem staðir í vegakerfinu þar sem fjöldi slysa af líkum toga verður, til dæmis í kröppum beygjum, við vegamót eða einbreiðar brýr. Áfram verður unnið að fækkun einbreiðra brúa.

**kolbeinn@frettabladid.is**

## Einbreiðar brýr á hringveginum

| | |
|---|---|
| 1 Skjálfandafljót | 22 Holtakíll á Mýrum |
| 2 Jökulsá á Fjöllum | 23 Kolgríma í Suðursveit |
| 3 Ysta-Rjúkandi | 24 Steinavötn |
| 4 Gilsá á Völlum | 25 Fellsá í Suðursveit |
| 5 Breiðdalsá | 26 Jökulsá á Breiðamerkursandi |
| 6 Tinnudalsá | 27 Kvíá í Öræfum |
| 7 Krossá á Berufjarðarströnd | 28 Hólá |
| 8 Berufjarðará | 29 Stigá |
| 9 Búlandsá | 30 Gljúfursá |
| 10 Hamarsá | 31 Kotá í Öræfum |
| 11 Geithellnaá | 32 Virkisá |
| 12 Hofsá í Álftafirði | 33 Svínafellsá |
| 13 Selá í Álftafirði | 34 Skaftafellsá |
| 14 Hvaldalsá | 35 Skeiðará |
| 15 Reyðará | 36 Súla |
| 16 Karlsá | 37 Aurá |
| 17 Jökulsá í Lóni | 38 Brunná |
| 18 Laxá í Lóni | 39 Hverfisfljót |
| 19 Gjádalsá | 40 Þverárvötn |
| 20 Hoffellsá | 41 Breiðbalakvísl |
| 21 Hornafjarðarfljót | 42 Jökulsá á Sólheimasandi |





LYFJA
– Lifið heil

Njóttu flugsins

Margir fá illt í eyrun og þurran hósta í flugi. Flugvélaloftið kemur varnarkerfi líkamans af stað.

Með **Xlear nefúða** heldur þú uppi eðlilegum raka í nefgöngunum þannig að þau haldast heilbrigð og hrein.

Núna fæst **Xlear** líka fyrir börnin.

www.lyfja.is

Fyrir þig í Lyfju

ÍSLENSKA/SIA.IS/LYF 55281 06/11


Um 160 þúsund lítrar af olíu í Yellowstone-ána:

# Íbúarnir fluttir burt

**BANDARÍKIN, AP** Áætlað er að um 160 þúsund lítrar af olíu hafi runnið út í Yellowstone-ána í Montana í Bandaríkjunum á laugardag. Lekinn varð er olíuleiðsla fyrirtækisins ExxonMobil rofnaði seint á föstudagskvöld.

Íbúar á svæðinu voru fluttir burt vegna hættu á sprengingum og vegna eitraðrar gufu en fengu að fara heim aftur í gær þegar talið var að hættan væri liðin hjá.

Straumurinn í ánni torveldar hreinsun en í gær hafði olíuflekkurinn teygt sig rúma fjóra kílómetra niður eftir ánni. ExxonMobil sendi frá sér yfirlýsingu þar sem fyrirtækið harmar lekann og segist munu senda aðstoð við að hreinsun. **- rat**



**OLÍUBRÁK** Olíuflekkur teygði sig marga kílómetra niður eftir Yellowstone-ánni í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Tvíbent svör bæjarstjóra:

## Uppáhaldssynir og olnbogabörn

Fjölmiðlar ræddu við Elliða Vignisson, bæjarstjóra í Vestmannaeyjum, af tveimur ólíkum tilefnum fyrir helgi. Annars vegar ræddi Pressan við hann vegna árlegs golfmóts knattspyrnumannsins Hermanns Hreiðarssonar. „Það er gaman að sjá menn sem eru mótaðir af samfélaginu í Eyjum koma og gefa til baka,“ sagði bæjarstjórinn stoltur. „Hermann er einn af okkar uppáhaldssonum.“

SKOÐUN



Bergsteinn Sigurðsson
bergsteinn@frettabladid.is

Hins vegar spurði Vísir Elliða út í mál karlmanns í Vestmannaeyjum sem situr í gæsluvarðhaldi fyrir að misnota stjúpdóttur sína og tvær aðrar stúlkur. Bæjarstjórinn vildi síður ræða það. „Þetta er mannlegur harmleikur en tengist ekki byggðarlaginu á nokkurn máta.“

Manneskjulegra samfélag er gjarnan talið til höfuðkosta þess að búa úti á landi; að fámennið hafi í för með sér nánd og samkennd sem ekki er að finna í fjölmenninu í höfuðborginni. Orð bæjarstjórans um uppáhaldsson Vestmannaeyja eru í þessum anda; samfélagið er ein stór fjölskylda og á sem slíkt hlutdeild í afrekum og sigrum sona sinna og dætra. Í síðarnefnda dæminu verður hins vegar algjör viðsnúningur; ódæði sem saklaust barn verður fyrir er afgreitt sem harmleikur sem er byggðarlaginu óviðkomandi.

Þetta er undarleg afstaða í ljósi þess að síðarnefnda dæmið er líklegra til að hafa mun djúpstæðari áhrif á samfélagið en hið fyrrnefnda. Vel liðinn heimamaður misnotar traust sitt til að brjóta á börnum. Verri glæp er vart hægt að ímynda sér. Ódæðisverk af þessum toga hafa meiri áhrif á fámennari samfélög en þau fjölmennari að því leyti að þau grafa undan traustinu og öryggiskenndinni, sjálfu samfélagslíminu.

Vitaskuld ber bæjarfélagið ekki ábyrgð á ódæðinu en málið kemur því sannarlega við; þolendur gerandans eru hluti af bæjarfélaginu og eiga skilið hluttekningu og athygli þeirra sem mæla fyrir munn samfélagsins ekki síður en þeir sem gera það gott.

Viðbrögð bæjarstjórans skýrast sjálfsagt ekki af mannvonsku heldur eru þau dæmi um merkilega algenga hugsanavillu manna í ábyrgðarstöðu á stöðum þar sem kynferðisbrot koma upp, hvort sem það er sveitarfélag, stofnun eða fyrirtæki: að reyna fyrst og fremst að afstýra álitshnekki út á við. Þetta er ýmist gert með því að reyna að kæfa málið, gera lítið úr því eða búa til fjarlægð við það, til dæmis með því að segja að það komi sér ekkert við. Þetta er auðvitað ekki bundið við Vestmannaeyjar, þetta er einfaldlega nýlegasta og nærtækasta dæmið.

Hugsanavillan er sú að það eru ekki ódæðisverk einstaklinga sem segja til um heilbrigði samfélags heldur hvernig samfélagið bregst við þeim. Viðbrögð sem miða að því að lágmarka ímyndaðan álitshnekki, í stað þess að sýna þeim sem eiga um sárt að binda hluttekningu, eru því líklegri en ekki til að hafa þveröfug áhrif.

Ef smærri samfélög vilja halda þeirri hugmynd á lofti að þau séu eins og ein stór fjölskylda verða þau að vera reiðubúin að taka ekki aðeins þátt í sigrum barna sinna heldur líka áföllum. Forystumenn þeirra skyldu hafa það í huga þegar þeir mæra uppáhaldssynina.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Skókastarinn

Sérkennileg uppákoma varð við mótmæli gegn aðstoðarframkvæmdastjóra Nató, sem fram fóru á föstudag. Samtök hernaðarandstæðinga höfðu í frammi táknræn mótmæli, köstuðu skóm í myndir af forsvarsmönnum hernaðarbandalagsins. Þegar fastafulltrúi Íslands hjá Nató, Þorsteinn Ingólfsson, gekk hjá kom í ljós að honum hugnaðist lítt mótmælin. Þreif hann skó af einum mótmælendanna og henti inn í þvöguna og hitti þar fyrir konu sem var við mótmælin. Það er kannski táknrænt að sá eini sem beitti ofbeldi í mótmælunum var starfsmaður hernaðarbandalagsins.

### Endurritun sögunnar

Merkilegt er að fylgjast með því hvernig Geir H. Haarde og stuðningsmenn hans vinna nú hörðum höndum að því að endurrita söguna. Nýjasta útspilið í þeim efnum er viðtal við Geir sem birtist á AFP fréttaveitunni. Þar útmálar hann sig sem fórnarlamb pólitískra ofsókna og ver gjörðir sínar fyrir hrun. Í raun hafi hann bjargað Íslandi frá gjaldþroti. Sá sem slíkt gerir er ekkert minna en hetja, þó reyndar hafi heilt bankakerfi farið á hliðina á vakt Geirs.





### Djúp speki ráðherra

Menn teygja sig mislangt í að finna rök fyrir máli sínu. Fá mál sýna það betur en umræður um Evrópusambandið, en í þeim er oft ansi miklum loftfimleikum beitt. Össur Skarphéðinsson utanríkisráðherra færði umræðuna á hærra plan þegar hann greip til orða Tinu Turner á fundi hjá Evrópusambandsmönnum. Ráðherra útskýrði íslenskan veruleika með því að vísa í texta söngdívunnar, Nice and Rough. Nú bíða menn spenntir eftir því hvaða texta Evrópusambandsandstæðingar munu grípa til þegar þeir veita andsvar.

kolbeinn@frettabladid.is

HALLDÓR




## Tveir öflugir háskólar

Menntamál



Baldur Þórhallsson
prófessor í stjórnmálafræði við HÍ

Eitt mikilvægasta verkefnið fram undan er að efla rannsóknir og kennslu á háskólastigi. Það verður ekki gert nema með sameiningu háskóla landsins. Sameining háskólastofnana er það viðkvæmt mál að frumkvæðið verður að koma frá Alþingi, menntamálaráðherra eða ríkisstjórn. Farsælast er að starfræktar verði tvær öflugar vísindastofnanir á landinu með nokkrar starfsstöðvar sem hafi getu til að vinna að rannsóknum og bjóða upp á háskólakennslu eins og best gerist í heiminum. Verkefni háskólanna er síðan að koma sér saman um hvernig sameiningu þeirra er best háttað.

0-1 Marcia Rosa Silva, 1-1 Julie Nelson, 1-2 Kristín Tryggvadóttir, 1-3 Lára Kristín Pedersen, 2-3 Elísa Viðarsdóttir, 3-3 Birna Berg Haraldsdóttir, 3-4 Svandís Ösp, 4-4 Kristín Erna Sigurlásdóttir, 4-5 Sesselja Líf Valgeirsdóttir, 5-5 Sóley Guðmundsdóttir, 5-6 Halldóra Þóra Birgisdóttir.
*Upplýsingar frá fótbolti.net.*



**ÚR LEIK** Eyjastúlkur máttu þola sárt tap á heimavelli. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Afturelding áfram í bikarnum:

## Sigraði eftir bráðabana

**FÓTBOLTI** Það var mikil dramatík í bikarleik ÍBV og Aftureldingar um helgina. Eftir markalausar 90 mínútur og síðan framlengingu varð að grípa til vítaspyrnukeppni.

Ekki fengust fram úrslit eftir hefðbundna vítakeppni sem er fimm spyrnur á lið. Varð því að grípa til bráðabana.

Það var ekki fyrr en í fjórðu umferð bráðabanans sem Halldóra Þóra Birgisdóttir tryggði Aftureldingu sætan en óvæntan sigur. - hbg

Wimbledon-mótið í tennis:

## Djokovic og Kvitova unnu

**TENNIS Serbinn Novak Djokovic og tékkneska stúlkan Petra Kvitova urðu um helgina Wimbledon-meistarar en mótið er eitt af fjóru stóru mótunum í tennisíþróttinni. Þetta var fyrsti titill beggja á Wimbledon-mótinu.**

**Djokovic lagði Spánverjann Rafael Nadal í úrslitum í fjórum settum. Hann vann tvö fyrstu settin, Nadal svaraði fyrir sig með sigri í næsta setti áður en Djokovic kláraði dæmið. Hann er nýkominn á topp heimslistans og sannaði í gær að þar á hann vel heima.**

**Kvitova kom skemmtilega á óvart með því að leggja hina reyndu Mariu Sharapovu í tveimur settum.**

**Kvitova er fyrsta örvhenta konan sem vinnur Wimbledon-mótið síðan 1998. Þá fór Jana Novotna með sigur af hólmi og hún fylgdist einmitt með úrslitaleiknum um helgina.** - hbg

# KR-ingar hreinlega óstöðvandi

**KR-ingar eru enn ósigraðir í sumar. Þeir sitja á toppi Pepsi-deildar karla og eru komnir í undanúrslit Valitor-bikarsins eftir sigur á Keflavík í Vesturbænum í gær. Það virðist fátt geta stöðvað KR.**

**FÓTBOLTI** KR-ingar verða í pottinum þegar dregið verður í undanúrslitum Valitor-bikarsins í dag eftir sigur, 3-2, á Keflvíkingum í 8-liða úrslitum í gær í bráðfjörugum leik.

Leikurinn hófst með miklum látum en gestirnir náðu að komast yfir eftir aðeins fimm mínútna leik þegar Hilmar Geir Eiðsson, leikmaður Keflvíkinga, tók á rás upp vinstri kantinn, gaf fína sendingu inn í teiginn þar sem Magnús Þórir Matthíasson var mættur og skoraði með laglegu skoti.

KR-ingar voru ekki lengi að jafna metin en það tók aðeins þrjár mínútur. Kjartan Henry Finnbogason átti frábæra fyrirgjöf inn í teig Keflvíkinga sem rataði beint á kollinn á Baldri Sigurðssyni sem stýrði honum vel í netið.

Nokkrum mínútum fyrir lok fyrri hálfleiks náðu KR-ingar að komast yfir. Guðjón Baldvinsson, leikmaður KR, vann boltann inn í vítateig Keflvíkinga og renndi honum á fyrirliðann, Bjarna Guðjónsson, sem lyfti knettinum yfir Ómar Jóhannsson í marki gestanna.

Eftir um stundarfjórðung í síðari hálfleik náðu KR-ingar að skora sitt þriðja mark, en þar var að verki Guðjón Baldvinsson sem renndi boltanum í autt markið eftir fyrirgjöf frá Kjartani Henry Finnbogasyni.



**Í BANASTUÐI** KR-ingar fara á kostum þessa dagana og ekkert lið á Íslandi stenst Vesturbæingum snúning. KR-ingar fagna hér marki Guðjóns Baldvinssonar í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**FYRIRLIÐINN Á SKOTSKÓNUM** Bjarni Guðjónsson skoraði smekklegt mark í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Keflvíkingar minnkuðu muninn aðeins fimm mínútum síðar þegar Andri Steinn Birgisson þrumaði boltanum í netið fyrir utan teig, óverjandi fyrir Hannes Þór Halldórsson, markvörð KR og staðan 3-2 fyrir heimamenn. Þannig lauk leiknum og KR-ingar komnir áfram í Valitor-bikarnum eftir frábæran knattspyrnuleik sem bauð upp á allt.

„Þetta er frábært og mér líður gríðarlega vel,“ sagði Baldur Sigurðsson, leikmaður KR, eftir leikinn í gær.

„Ég var mjög stressaður fyrir þennan leik þar sem KR hefur alltaf átt erfitt með Keflavík. Þeir koma alltaf vel stemmdir gegn okkur og erfitt er að eiga við Keflavík í þeim ham. Þetta var frábær leikur í rigningu og vindi sem bauð upp á margar tæklingar og læti. Það besta sem lið getur gert þegar það lendir snemma undir er að svara fljótlega og það gerðum við í kvöld. Það gerði það að verkum að við komumst aftur inn í leikinn. Keflvíkingar ná síðan að minnka muninn undir lokin og úr varð hörku lokakafli, en við náðum að halda út,“ sagði Baldur.

„Þetta var frábær leikur og við fengum óskabyrjun sem við náum ekki að nýta okkur,“ sagði Willum Þór Þórsson, þjálfari Keflavíkur, í gær.

„Við misstum aðeins tökin á leiknum þegar við komumst yfir og reyndum strax að halda fengnum hlut í staðinn fyrir að vera örlítið meira afslappaðri. Við leyfum þeim samt sem áður að skora full einföld mörk í leiknum. Þeir skora síðan þriðja markið, þá héldu allir að leikurinn væri búinn en mitt lið neitaði að gefast upp. Strákarnir eiga hrós skilið fyrir að gefast ekki upp og ná að minnka muninn og með smá heppni hefðum við náð að jafna leikinn,“ sagði Willum.

„Þetta var hörkuleikur og sennilega frábær skemmtun,“ sagði Bjarni Guðjónsson, fyrirliði KR, eftir leikinn.

„Við höfðum yfirhöndina nánast allan tímann og gerðum Keflvíkingum mjög erfitt fyrir með að halda boltanum vel innan liðsins. Í lokin hleypum við þeim allt of mikið inn í leikinn með smá klaufamistökum inn í okkar eigin vítateig, en samt nokkuð öruggur sigur fannst mér.

Við vildum endilega ná að skora þriðja markið í byrjun síðari hálfleiks svona til að geta andað örlítið léttar. Þetta er auðvitað bikarkeppni og því settu þeir allt í sóknina síðasta korterið, en við náðum að standast pressuna vel.“ - sáp

AZ Alkmaar samþykkti að selja Kolbein Sigþórsson til Ajax fyrir tæplega 700 milljónir íslenskra króna:

# Kolbeinn skrifar undir hjá stórliði Ajax í dag

**FÓTBOLTI** Íslenska ungstirnið, Kolbeinn Sigþórsson, skrifar í dag undir í fjögurra ára samning við hollensku meistarana í Ajax, en Kolbeinn hefur verið á mála hjá hollenska félaginu, AZ Alkmaar, síðan árið 2007 og staðið sig vonum framar.

Kolbeinn gerði 15 mörk fyrir AZ Alkmaar á síðustu leiktíð og hefur verið orðaður við Ajax undanfarna mánuði.

Þetta mun vera frábært tækifæri fyrir þennan snjalla framherja og varla hægt að ímynda sér betri stað til að bæta sig sem knattspyrnumann, en Kolbeinn verður fyrsti Íslendingurinn sem leikur fyrir stórlið Ajax.

Fréttablaðið náði tali af Andra Sigþórssyni, bróður Kolbeins og jafnframt umboðsmanni leikmannsins, í gær þar sem þeir bræður voru í þann mund að taka á loft til Amsterdam.



**FYRSTUR HJÁ AJAX** Kolbeinn, sem hér skorar fyrir AZ Alkmaar síðasta vetur, verður fyrsti Íslendingurinn sem spilar fyrir stórlið Ajax. NORDIC PHOTOS/AFP

„Við erum rétt í þessu að taka á loft til Hollands, en Kolbeinn mun fara í læknisskoðun á morgun og í framhaldinu af því skrifa undir fjögurra ára samning við Ajax,“ staðfesti Andri Sigþórsson í samtali við Fréttablaðið í gær.

„Þetta er alveg frábært tækifæri fyrir Kolbein og við erum í raun í skýjunum. Kaupverðið er ekki alveg komið á hreint en liðin eiga formlega eftir að gefa út yfirlýsingu um verðmiðann,“ sagði Andri en samkvæmt hollenskum fjölmiðlum greiðir Ajax 665 milljónir íslenskra króna fyrir íslenska landsliðsmanninn. Kolbeinn átti eitt ár eftir af samningi sínum við Alkmaar.

„Það er allt til alls hjá þessum klúbbi og aðstæður alveg til fyrirmyndar, þetta var í raun aldrei spurning hjá Kolbeini að fara þangað,“ sagði Andri. - sáp

# Brynjar Gauti bjargaði Eyjamönnum

**Eyjamenn virtust ekki vera með hugann við verkið er þeir sóttu Fjölni heim í átta liða úrslitum Valitor-bikarsins. Þrátt fyrir takmarkað framlag á vellinum tókst Eyjamönnum að landa sigri undir lok leiksins.**

**FÓTBOLTI** „Þetta var barningsleikur og það var lítið um góðan fótbolta í þessum leik,“ sagði Heimir Hallgrímsson, þjálfari ÍBV, eftir 1-2 sigur ÍBV á Fjölni í Grafarvoginum í gær. Leikurinn var hreint út sagt hrútleiðinlegur og reyndar var nánast ekki neitt um góðan fótbolta í leiknum. Þær örfáu sálir sem sáu sér fært að mæta fengu afar takmarkað fyrir seðilinn að þessu sinni.

Reyndar er það með hreinum ólíkindum að það mæti ekki nema um 200 manns á leik í átta liða úrslitum bikarsins. Vissulega var veðrið ekki gott en maður hlýtur samt að spyrja sig hvar stuðningsmenn Fjölnis voru á slíkum stórleik.

Eyjamenn eiga Evrópuleik síðar í vikunni og leikmenn liðsins virtust vera með hugann við þann leik. Vinnuframlagið var lítið og menn virtust vera að spara sig. Það kristallaðist best í því þegar Tryggvi Guðmundsson æpti pirraður að félögum sínum undir lok fyrri hálfleiks að þetta væri engin ganga í garðinum.

„Mínir menn virtust ekki vera tilbúnir í þennan leik. Það var reynt að halda einbeitingunni á þessum leik en ekki Evrópuleiknum því hér var verið að spila um undanúrslitasæti í bikar,“ sagði Heimir en hann gerði tvær breytingar í hálfleik til þess að fríska upp á sitt lið en það skilaði litlu framan af.

„Það þurfti að breyta einhverju því liðið var ekki að vinna saman. Við unnum aldrei saman sem lið í þessum leik. Þetta var mjög ólíkt því sem við höfum verið að sýna. Því er ekki að neita að mér er létt eftir þennan leik enda fengu Fjölnismenn færi á að jafna.“



**FÓTBOLTI EÐA HANDBOLTI?** Marinó Þór Jakobsson, leikmaður Fjölnis, virðist hér vera að skjóta að marki í handboltaleik á meðan Ian Jeffs verst. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Bryan Hughes reyndist Eyjamönnum drjúgur í leiknum. Hann skoraði úr umdeildri vítaspyrnu og lagði síðan upp sigurmarkið fyrir Brynjar Gauta Guðjónsson sem átti mjög fína innkomu í lið Eyjamanna í gær.

Ásmundur Arnarsson, þjálfari Fjölnis, var hreint ekki sáttur við vítaspyrnudóminn enda féll Eyjamaðurinn ansi auðveldlega.

„Mér fannst dómarinn falla í gryfju í þessu víti. Það var mjög ódýrt og opnaði leikinn,“ sagði Ásmundur svekktur en hans menn nýttu heldur ekki þau tækifæri sem þeir fengu í leiknum.

„Við erum ekkert sáttir við að tapa. Uppleggið gekk samt þokkalega í þessum leik. Við ætluðum að verjast vel, loka svæðum og sækja hratt sem og að nýta föst leikatriði. Það munaði litlu hjá okkur og vantaði rétt herslumuninn. Ég var samt ánægður með að við skyldum ekki gefast upp og selja okkur dýrt allt til enda,“ sagði Ásmundur en hannhefur tvisvar komið Fjölni í úrslit bikarsins. **henry@frettabladid.is**



**BARÁTTA** Það var hart barist og mikið fjör í leik BÍ og Þróttar í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Bikarævintýri fyrir vestan:

## Djúpmenn í undanúrslit

**FÓTBOLTI** Bikarævintýri BÍ/Bolungarvíkur hélt áfram í gær þegar liðið komst í undanúrslit Valitor-bikarkeppni karla eftir sigur, 3-2, gegn Þrótti á Torfnesvelli fyrir vestan.

„Það er eintóm hamingja hér fyrir vestan,“ sagði Guðjón Þórðarson, þjálfari BÍ/Bolungarvíkur eftir leikinn í gær.

„Við tókum í raun völdin á vellinum eftir að þeir komust yfir og náðum að skora tvö mörk á stuttum tíma, ég beið lengi eftir þriðja markinu sem kom loksins. Menn voru heldur betur sofandi eftir það og við fengum mark í andlitið á okkur strax í kjölfarið þegar liðið var í raun enn að fagna“.

„Strákarnir hér og bæjarfélagið vita í raun ekkert út í hvað liðið í komið og það er í raun allt á hvolfi hérna fyrir vestan. Ég þekki þessa keppni vel og verð að reyna að miðla minni reynslu til liðsins“.

„Okkur er alveg sama hvaða lið við fáum í undanúrslitum, við ætlum okkur alla leið í þessari keppni. Við erum búnir að slá út Íslandsmeistarana og getum hæglega unnið hvaða lið sem er. Það vill enginn koma hingað vestur og spila á þessum frábæra heimavelli,“ sagði Guðjón.

„Þetta er mikið svekkelsi,“ sagði Páll Einarsson, þjálfari Þróttar, eftir leikinn í gær.

„Við byrjuðum leikinn vel og skoruðum snemma, en síðan fengum við tvö mörk strax í andlitið. Það tók strákana smá stund að jafna sig á því. Heilt yfir lékum við virkilega vel í leiknum og ég er stoltur af strákunum. Í lokin var liðið kannski að flýta sér of mikið og þess vegna náðum við ekki að jafna leikinn“. **- sáp**

Mikil dramatík á Akureyri þegar Þórsarar tryggðu sér sæti í undanúrslitum Valitor-bikarsins á elleftu stundu:

## Ingi Freyr skaut Þórsurum í undanúrslit

**FÓTBOLTI** Ingi Freyr Hilmarsson var hetja Þórsara á laugardag er hann skaut norðanmönnum í undanúrslit Valitor-bikarkeppninnar með marki á síðustu andartökum leiksins gegn Grindavík á Þórsvellinum.

Grindvíkingar voru ívið sterkari í fyrri hálfleik en það voru samt sem áður heimamenn sem komust yfir með marki Davids Dizstl eftir hornspyrnu Atla Sigurjónssonar. Magnús Björgvinsson jafnaði metin fyrir gestina í blálok fyrri hálfleiks er hann skoraði eftir fyrirgjöf Rays Antonys Jónssonar.

Í síðari hálfleik var meira jafnræði með liðunum en gestirnir fengu hættulegri færi þar sem



**UNDANÚRSLIT** Þórsarar sýndu að þeir eru ólseigir á heimavelli sínum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

bæði Magnús Björgvinsson og Matthías Örn Friðriksson fóru illa að ráði sínu í ágætum færum. Þórsarar vildu fá vítaspyrnu er skammt var til leiksloka þegar augljóslega var brotið á Atla Sigurjónssyni innan teigs en Magnús Þórisson, dómari leiksins, sá ekki ástæðu til að dæma neitt. Fleiri urðu mörkin ekki í venjulegum leiktíma og því var gripið til framlengingar.

„Ég hefði getað klárað leikinn fyrir okkur ef ég hefði nýtt færið mitt. Við vorum klaufar að klára þetta ekki í venjulegum leiktíma en við vorum reyndar heppnir líka að fá ekki á okkur víti því mér sýndist Þórsararnir eiga að fá víti þegar Atli var felldur,“ sagði Matthías Örn, núverandi leikmaður Grindavíkur og fyrrverandi leikmaður Þórs, eftir leikinn.

Í framlengingunni voru Þórsarar töluvert sterkari aðilinn en gekk illa að skapa sér dauðafæri, en bæði lið áttu nokkur langskot sem flest hittu ekki markið. En nokkrum sekúndum fyrir leikslok fékk Ingi Freyr Hilmarsson, vinstri bakvörður Þórsara, góða sendingu inn á teig og náði að vippa boltanum yfir Jack Giddens, markvörð Grindvíkinga, sem kom á fullri ferð út á móti og í markið fór boltinn. Örstuttu síðar var flautað til leiksloka, lokatölur 2-1 fyrir Þór.

„Það er auðvitað svekkjandi að tapa með marki á lokasekúndunum en einhverra hluta vegna náðum við okkur ekki á strik í framlengingunni og því er þetta kannski ekkert ósanngjörn niðurstaða,“ sagði Matthías að lokum. **- jsj**



Pantaðu fría landslagsráðgjöf í dag!

Inga Rut Gylfadóttir og Björk Guðmundsdóttir, landslagsarkitektar FILA, hjálpa þér við að skipuleggja draumagarðinn þinn þér að kostnaðarlausu.

Pantaðu tíma og fáðu nánari upplýsingar hjá söludeild Steypustöðvarinnar í síma 4 400 400

STEYPUSTÖÐIN Sterkari lausnir

Hringhellu 2, 221 Hafnarfjörður | Hrísmýri 8, 800 Selfoss | Malarhöfða 10, 110 Reykjavík | sími 4 400 400, www.steypustodin.is

> **Tom Hanks**

„Það er mun þægilegra að nota vefpóst en farsíma, að mínu mati. Ég myndi henda símanum mínum ef ég gæti komist upp með það."

***Stórmyndin Green Mile með Tom Hanks í aðalhlutverki, segir frá John Coffey sem hefur verið dæmdur fyrir morð á tveimur börnum og er myndin sýnd á Stöð 2 bíói kl. 20.***



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ SUNNA VALGERÐARDÓTTIR HUGSAR HEIM MEÐ SIRRÝ

# *Vínbúðin og vegir mál málanna norðan heiða*

Ég á það til að hlusta á hana Sirrý á sunnudagsmorgnum, sem Ríkisútvarpið lýsir sem „lifandi útvarp á líðandi stundu". Sirrý var með beina útsendingu frá Akureyri að þessu sinni. Hún deildi því með lesendum í byrjun að hún horfði út um gluggann á iðagræna velli og hampaði veðrinu, líkt og innfæddur Norðlendingur. Ég ákvað að hella upp á kaffi og leiða hugann að mínum heimaslóðum með hjálp þulunnar okkar góðu.

Í gærmorgun var Eiríkur Björn Björgvinsson, bæjarstjóri á Akureyri, staddur í stúdíói hjá Sirrý og svaraði fyrirspurnum hlustenda. Ég játa það að ég hlustaði ekki á þáttinn til enda, en miðað við það sem ég heyrði virðist mér vandamál Akureyringa ekki tiltakanlega alvarleg. Atvinnuleysi, umhverfisvernd eða skólamál virtust ekki trufla hlustendur Rásar tvö, heldur var þeim mikið í mun að ræða um fyrirhugaða stækkun ÁTVR við Hólabraut (sem ég hélt að bæri að fagna), hlykkjóttar götur og hámarkshraða. Kona ein, íbúi í hinu glansandi nýja Naustahverfi, var ekki paránægð með skipulagsmálin í bænum. Eiríkur byrjaði samtalið á því að tilkynna henni að þau væru nágrannar og hann þekkti því umhverfið vel. En konan var ekki að kvarta yfir malarhrúgum í hverfinu, graslausum görðum eða hálfbyggðum húsalengjum, heldur tiltekinni götu sem henni þótti hlykkjast fullmikið fyrir hennar smekk. Hún vildi hafa hana beinni.



Eiríkur hlustaði af athygli, en gat ekki, eins og gefur að skilja, lofað bót og betrun. Svona hefði gatan einfaldlega verið lögð til þess að lágmarka hraðakstur.

Ef þetta eru þau vandamál sem eru að trufla íbúa Akureyrar hvað mest, vil ég óska heimabænum mínum til hamingju. Af Sirrý á sunnudagsmorgnum að dæma virðist Eiríkur vera í kósý starfi miðað við kollega hans, Jón Gnarr.

## RÚV

**16.05 Landinn** (e)
**16.35 Leiðarljós**
**17.50 Mærin Mæja** (21:52)
**17.58 Húrra fyrir Kela** (31:52)
**18.20 Táknmálsfréttir**
**18.30 Með okkar augum** (1:6)
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.40 Gulli byggir** (1:6) Gulli Helga húsasmiður hefur verið fenginn til þess að koma lagi á kjallara í 65 ára gömlu húsi í Reykjavík. Óþefur og ýmis konar skordýr hafa hrjáð þá sem kjallarinn hefur hýst um nokkurn tíma og greinilegt er að húsið er komið á tíma. Undir leiðsögn Gulla og fagmanna á hverju sviði vinna íbúar og eigendur húsnæðisins, ásamt vinum og ættingjum að breytingunum.
**20.15 Horfnir heimar – Borg mannsins, Borg guðs** (6:6) (Ancient Worlds)
**21.10 Leitandinn** (31:44) Bandarísk þáttaröð um ævintýri kappans Richards Cyphers og dísarinnar Kahlan Amnell. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi ungra barna.
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veðurfréttir**
**22.20 Liðsaukinn** (7:32) (Rejseholdet)
**23.20 Hálandaleikarnir**
**23.50 Vestfjarðavíkingur 2010** (e)
**00.50 Fréttir** (e)
**01.00 Dagskrárlok**

## BÍÓ

**09.05 First Sunday**
**10.40 Groundhog Day**
**12.20 Pétur og kötturinn Brandur**
**14.00 First Sunday**
**16.00 Groundhog Day**
**18.00 Pétur og kötturinn Brandur**
**20.00 The Green Mile**
**23.05 Sione's Wedding**
**00.40 Iron Man**
**02.45 The Last Time**
**04.20 Sione's Wedding**
**06.00 Hancock**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.15 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 The Doctors**
**10.10 Smallville** (7:22)
**10.55 Hamingjan sanna** (2:8)
**11.35 Total Wipeout** (5:12)
**12.35 Nágrannar**
**13.00 American Idol** (19:43)
**13.40 American Idol** (20:43)
**14.20 American Idol** (21:43)
**15.05 ET Weekend**
**15.50 Barnatími Stöðvar 2**
**17.05 Bold and the Beautiful**
**17.30 Nágrannar**
**17.55 The Simpsons** (14:22)
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.06 Veður**
**19.15 Two and a Half Men** (20:22)
**19.35 Modern Family** (13:24)
**20.00 Oprah** LOKAÞÁTTUR. Í þessum sérstaka lokaþætti verður farið yfir eftiminnilegustu augnablikin í 25 ára sögu þáttanna og Oprah kveður þar sem hún er að hefja nýjan kafla í sínu lífi.
**20.45 Fairly Legal** (5:10) Ný dramatísk og hnyttin þáttaröð sem fjallar um Kate Reed. Hún starfaði sem lögmaður á virtri lögfræðistofu fjölskyldunnar sinnar í San Francisco en ákvað að gerast sáttamiðlari.
**21.30 Nikita** (16:22)
**22.15 Saving Grace** (14:14)
**23.00 Office** (4:6)
**23.30 The Trials of Ted Haggard**
**00.25 Modern Family** (23:24)
**00.45 How I Met Your Mother** (14:24)
**01.10 Bones** (14:23)
**01.55 Entourage** (1:12)
**02.25 Bored to death** (4:8)
**02.50 Human Target** (3:12)
**03.35 Factotum**
**05.05 Fréttir og Ísland í dag**

## SPORT *besta sætið*

**07.00 Valitor mörkin 2011** Sýnd mörkin og öll umdeildu atvikin í leikjunum í Valitor bikarkeppni karla í knattspyrnu.
**07.40 Valitor mörkin 2011** Sýnd mörkin og öll umdeildu atvikin í leikjunum í Valitor bikarkeppni karla í knattspyrnu.
**08.20 Valitor mörkin 2011** Sýnd mörkin og öll umdeildu atvikin í leikjunum í Valitor bikarkeppni karla í knattspyrnu.
**18.00 Shellmótið** Sýndar svipmyndir frá Shellmótinu 2011 í Vestmannaeyjum þar sem knattspyrnustjörnur framtíðarinnar láta ljós sín skína. Það eru strákar í 6. flokki sem keppa á Shellmótinu en 104 lið eru skráð til leiks í ár.
**18.40 Grænland** Farið verður á framandi slóðir að þessu sinni og Grænland heimsótt og skoðað hvernig er að veiða hjá þessari nágrannaþjóð.
**19.10 KR - Keflavík** Útsending frá leik í 8 liða úrslitum í Valitor bikarkeppni karla í knattspyrnu.
**21.00 Valitor mörkin 2011** Sýnd mörkin og öll umdeildu atvikin í leikjunum í Valitor bikarkeppni karla í knattspyrnu.
**21.40 Barcelona - Real Madrid** Útsending frá leik Barcelona og Real Madrid í úrslitaleik spænska konungsbikarsins.

## SPORT 2 *enski boltinn*

**07.00 Brasilía - Venesúela** Útsending frá leik Brasilíu og Venesúela í Copa America 2011.
**18.00 Premier League World** Áhugaverður þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá hinum ýmsu óvæntu og skemmtilegum hliðum.
**18.35 Brasilía - Venesúela** Útsending frá leik Brasilíu og Venesúela í Copa America 2011.
**20.20 Paragvæ - Ekvador** Útsending frá leik Paragvæ og Ekvador í Copa America 2011.
**22.05 Úrúgvæ - Perú** Bein útsending frá leik Úrúgvæ og Perú í Copa America 2011. Liðin eru í C-riðli ásamt Chile og Mexíkó.
**00.35 Síle - Mexíkó** Bein útsending frá leik Síle og Mexíkó í Copa America 2011. Liðin eru í C-riðli ásamt Úrúgvæ og Perú.

## SKJÁR EINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**08.00 Rachael Ray (e)**
**08.45 Pepsi MAX tónlist**
**17.05 Dynasty (7:28)**
**17.50 Rachael Ray**
**18.35 America's Funniest Home Videos** (50:50) (e)
**19.00 High School Reunion** (8:8)
**19.45 Whose Line is it Anyway?** (21:39) Bráðskemmtilegur spunaþáttur þar sem allt getur gerst.
**20.10 Survivor** (8:16)
**21.00 How To Look Good Naked** (1:8) Stílistinn geðþekki Gok Wan brýtur múra útlitsdýrkunnar og aðstoðar alls kyns konur við að finna ytri sem innri fegurð.
**21.50 In Plain Sight - NÝTT** (1:13) Spennuþáttaröð sem fjallar um hörkukvendi og störf hennar fyrir bandarísku vitnaverndina. Þrátt fyrir að vera lengi að ná sér eftir skotárásina er Mary harðákveðinn í að svæla út sökudólginn.
**22.35 Parenthood** (3:13) (e)
**23.20 Royal Pains** (3:13) (e)
**00.05 CSI: New York** (3:22) (e)
**00.55 Shattered** (2:13) (e)
**01.45 CSI: Miami** (19:24) (e)
**02.30 Smash Cuts** (9:52) (e)
**02.55 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06.00 ESPN America**
**07.30 AT&T National** (3:4)
**12.00 Open de France** (2:2)
**16.05 Golfing World**
**17.00 AT&T National** (4:4)
**22.30 Golfing World**
**23.20 The Open Championship Official Film 2010**
**00.15 ESPN America**

## EXTRA

**19.30 The Doctors**
**20.15 Ally McBeal** (12:22) Fish býður Ally að gerast meðeigandi í fyrirtækinu á sama tíma og hún reynir að laga sig að ábyrgðinni sem fylgir því að vera foreldri.
**21.00 Fréttir Stöðvar 2**
**21.25 Ísland í dag**
**21.45 The Whole Truth** (2:13) Nýtt og spennandi lögfræðidrama. Kathryn Peale er metnaðarfullur saksóknari í New York. Jimmy Brogan er vinur hennar frá því þau voru við nám saman í Yale-háskólanum og er virtur verjandi í borginni. Bæði eru þau mikið keppnisfólk og ákóf í að sinna vinnu sinni vel og berjast fyrir skjólstæðinga sína. Í hverjum þætti kynnumst við báðum hliðum á málunum sem eykur spennu áhorfandans um sekt eða sakleysi fram á síðustu mínútu.
**22.30 Rizzoli & Isles** (8:10)
**23.15 Damages** (7:13) Þriðja þáttaröðin með Glenn Close og Rose Byrne í aðalhlutverki.
**00.00 Ally McBeal** (12:22)
**00.45 The Doctors**
**01.25 Sjáðu**
**01.50 Fréttir Stöðvar 2**
**02.40 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## N4

**18.15 Að norðan** Fjölbreyttur þáttur um norðlenskt mannlíf.
**18.30 2 gestir** Fjölbreyttur þáttur þar sem gestastjórnandi fær til sín góðan gest.

## ÍNN

**20.00 Heilsuþáttur Jóhönnu** Frábærir þættir, sem hafa vakið verðskuldaða athygli.
**20.30 Golf fyrir alla** Erum að klára fyrri 9 á Hamarsvelli.
**21.00 Frumkvöðlar** Elínóra Inga og frumkvöðlar Íslands.
**21.30 Eldhús meistaranna** Magnús Ingi og Viðar Freyr í eldhúsum höfuðborgarinnar.
**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## ÚTVARP FM

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **FM 88,5** XA-Radíó | **FM 90,9** Gullbylgjan | **FM 93,5** Rás 1 | **FM 96,3** FM Suðurland | **FM 97,7** X-ið | **FM 99,4** Útvarp Saga | **FM 102,9** Lindin |
| **FM 90,1** Rás 2 | **FM 91,9** Kaninn | **FM 95,7** FM957 | **FM 96,7** Létt Bylgjan | **FM 98,9** Bylgjan | **FM 102,2** Útvarp Latibær | **FM 105,5** Útvarp Boðun |




VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 SPORT 2 INNIHELDUR SPORT 2 SPORT 3 SPORT 4 SPORT 5 SPORT 6 512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 SPORT 2 KL. 22.05

**Copa America**



Það eru tveir toppleikir á dagskrá í Copa America í kvöld. Báðir leikirnir eru í C-riðli keppninnar en í fyrri leikn-um mætast Úrúgvæ og Perú en í þeim seinni Síle og Mexíkó.

### RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.39** Morgunfrúin **06.40** Veðurfregnir **06.50** Bæn **07.00** Fréttir **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.00** Fréttir **09.05** Okkar á milli **09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.13** Stefnumót **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttir **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir **13.00** Með spjót í höfðinu **14.00** Fréttir **14.03** Konungur slaghörpunnar: Franz Liszt **15.00** Fréttir **15.03** Útvarpssagan: Hin hljóðu tár **15.25** Fólk og fræði **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Eyðibýlið **17.00** Fréttir **17.03** Víðsjá **18.00** Kvöldfréttir **18.20** Auglýsingar **18.21** Í lok dags **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Heimsmenning á hjara veraldar **20.00** Leynifélagið **20.30** Hefðarkettir og ræsisrottur **21.10** Um Njáls sögu **21.28** Kvöldsagan: Njáls saga **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.15** Girni, grúsk og glоríur **23.15** Kvika **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

### BBC entertainment

**10.55** Deal or No Deal **11.30** Deal or No Deal **12.05** Deal or No Deal **12.40** Fawlty Towers **13.10** ,Allo ,Allo! **13.45** ,Allo ,Allo! **14.10** Deal or No Deal **14.45** Deal or No Deal **15.20** Deal or No Deal **15.55** Fawlty Towers **16.30** ,Allo ,Allo! **17.05** ,Allo ,Allo! **17.35** Dalziel and Pascoe **18.25** Dalziel and Pascoe **19.10** Top Gear **20.00** Live at the Apollo **20.45** Rowan Atkinson Live **21.45** My Family **22.15** Top Gear **23.05** Live at the Apollo **23.50** Rowan Atkinson Live **00.50** Little Britain **01.20** My Family **01.50** Dalziel and Pascoe

### DR 1

**11.00** Bag kulisserne i Zoo **11.30** Sommertid **12.00** Det Søde Sommerliv **12.30** Søren Ryge direkte **13.00** Sommersang i Mariehaven **13.55** Møde i naturen **14.00** Byggemand Bob **14.10** Hyrdehunden Molly **14.30** Rosa fra Rouladegade **15.00** Hercule Poirot **16.30** TV Avisen med Sport **17.05** Aftenshowet Sommer **18.00** Kyst til kyst **19.00** TV Avisen **19.25** Sommervejret **19.35** Aftentour 2011 **20.00** Horisont Special **20.05** Horisont Special **20.30** Inspector Rebus **21.40** Vore Venners Liv **04.00** Rasmus Klump

### NRK 1

**09.45** Sommertid **10.15** Berlin, Berlin **10.40** Berlin, Berlin **11.05** Røst **11.35** Karanba! **12.05** Damenes detektivbyrå nr. 1 **13.00** Derrick **14.00** Filmavisen **14.10** Folk **14.40** Rallycross **15.10** Poirot **16.00** Oddasat - nyheter på samisk **16.05** Nyheter på tegnspråk **16.10** Tilbake til 60-tallet **16.40** Distriktsnyheter **17.30** Australias villmark **18.00** Tore på sporet **18.55** Distriktsnyheter **19.30** Sommeråpent **20.15** Boardwalk Empire **21.05** Kveldsnytt **21.20** Mysterier med George Gently **22.50** 20 sporsmål **23.15** Sport Jukeboks

### SVT 1

**14.00** Rapport **14.05** Det goda livet **14.55** Engelska Antikrundan **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport **16.10** Regionala nyheter **16.15** Konstdeckarna **17.15** K-märkt form **17.20** Sverige i dag sommar **17.30** Rapport **17.52** Regionala nyheter **18.00** Cleo **18.30** Det söta livet **19.00** Vem tror du att du är? **19.40** Semester, semester, semester **20.00** Hotellpraktikanterna **20.30** Hela apparaten - om teknikens värdar **21.00** Damages **21.50** Engelska Antikrundan **22.50** Rapport **22.55** Musikaliska underbarn


# Terra
nýr valkostur fyrir veröndina




**Terra** er nýtt og fallegt verandarefni úr slípuðum hellum sem fæst í hvítu, gráu og svörtu.

**Terra** er hagkvæm og endingargóð lausn á veröndina, laus við umstang og viðhald sem fylgir hefðbundnum pallaefnum. Ekki eyða sumarfríinu í viðhald.

Komdu á sýningarsvæði okkar í Fornalundi og skoðaðu Terra-hellurnar eða hafðu samband við söludeildir okkar.





PIPAR\TBWA · SÍA · 111699

**Vörur okkar eru sérhannaðar fyrir íslenskar aðstæður.**
**Fáðu tilboð og gerðu verðsamanburð!**

BM Vallá ehf
Breiðhöfða 3
110 Reykjavík

Sími: 412 5050
sala@bmvalla.is
Opið mánud.-föstud. 8-18

BM·VALLÁ

bmvalla.is







*„Ég var að klára The Game of Thrones. Þeir eru rosalega spennandi.“*

Þórunn Antonía Magnúsdóttir, söng- og sjónvarpskona.

# Bon Jovi jafnar sig eftir hnéaðgerð á Íslandi

Bandaríski rokksöngvarinn Jon Bon Jovi er staddur á Íslandi. Hann dvelur í turnsvítunni á Hótel Borg ásamt fjölskyldu sinni, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins.

Bon Jovi kom til landsins um helgina, en hann gekkst nýlega undir aðgerð á hné og hyggst dvelja á landinu í viku á meðan hann jafnar sig. Hann snæddi hádegisverð á veitingastaðnum Silfri á Hótel Borg í hádeginu í gær og vakti talsverða athygli matargesta. Heimildir Fréttablaðsins herma að eftir að spurðist út að Bon Jovi hafi borðað á Silfri hafi fjölmargir pantað borð. Veitingastaðurinn verður því þéttar setinn í kvöld og á morgun en ella, en fólk vonast eflaust til að geta barið goðið augum.

Á fimmta tímanum í gær sást Jon Bon Jovi rölta út af íslenska barnum í fylgd með óþekktum manni. Hann var að sögn viðstaddra „klæddur eins og Íslendingur“ — í gallabuxum, gráum bol og með flennistór sólgleraugu.

Jon Bon Jovi er 49 ára gamall og einn allra vinsælasti söngvari Bandaríkjanna. Hann er kvæntur æskuástinni, Dorotheu Hurley og eiga þau saman fjögur börn, þau Stephanie Rose, Jesse James Louis, Jacob Hurley og Romeo Jon. Hljómsveit hans, Bon Jovi var stofnuð árið 1983 og hefur selt meira en 130 milljón plötur um allan heim. Hljómsveitin er þekktust fyrir slagarana It‘s My Life og Livin‘ on a Prayer og You Give Love a Bad Name, en þau hafa hljómað á ófáum íslensku pöbbunum í flutningi misgóðra trúbadora.

**- afb**



**STRÁKURINN Á BORGINNI** Jon Bon Jovi hyggst dvelja í turnsvítunni á Hótel Borg í viku.



**KANN VEL VIÐ SIG Í ÁNNI** Jógvan Hansen vissi nánast ekkert um laxveiði þegar hann kom hingað frá Færeyjum. Hann giftist hins vegar inn í mikla veiðifjölskyldu og getur nú ekki hugsað sér betra frí en að standa úti í miðri á, hlusta á vatnið og veiða lax.

# Jógvan krækti í vænan lax í Langá

„Þetta tók vel á, ég var orðinn ansi þreyttur í upphandleggsvöðvunum,“ segir Jógvan Hansen söngvari, sem veiddi fimmtán punda lax í Langá á dögunum.

Jógvan er á ferð og flugi um landið með Friðriki Ómari um þessar mundir og var staddur í Neskaupstað þegar Fréttablaðið náði tali af honum. Á dögunum gafst honum hins vegar laus stund til að skella sér í Langána ásamt Arngrími Fannari (Adda Fannari), Hans Hjalta Skaale, frænda sínum frá Færeyjum, og svila sínum.

Veiðiferðin var mikil frægðarför því Jógvan krækti í vænan lax, fimmtán pund og 90 cm. Hann var hins vegar ekki rotaður eins og lög gera ráð fyrir heldur settur í ker því meiningin er að nota hann til undaneldis.

Þetta er þriðja árið sem Jógvan tekur veiðimennskuna föstum tökum. Hann hefur verið fastagestur í Langá en auk þess veitt í Selá og Veiðivötnum. „Ég er mjög vel giftur, tengdapabbi minn er veiðivörður í Langánni, bræður hans sjá um ána og þeir kynntu mig fyrir þessari íþrótt.“

Söngvarinn kveðst hafa fallið fyrir veiðiskapnum, hann hafi fundið veiðimanninn innra með sér og nú geti hann ekki hugsað sér betra frí. „Úti í ánni ríkir bara ró og friður, þarna er ekkert net og slökkt á öllum símum. Þetta er bara ég að hlusta á vatnið, hin fullkomna afslöppun.“

**- fgg**




**EYVINDUR KARLSSON:** GAT EKKI HLAUPIÐ Í MÍNÚTU ÞEGAR ÉG BYRJAÐI

# Skokkar berfættur um bæinn

„Ég hélt alltaf að hlaup væru það leiðinlegasta sem hægt væri að gera — af öllu,“ segir Eyvindur Karlsson, grínisti og nýútskrifaður leikstjóri úr East 15-skólanum í Lundúnum.

Eyvindur byrjaði að stunda útihlaup þegar hann bjó þar ytra og hélt uppteknum hætti þegar hann flutti heim fyrir mánuði. Hann segir nýja áhugamálið ekki hluta af átaki og kýs frekar að segja að um lífsstílsbreytingu sé að ræða. „Þegar ég var í skólanum í vetur fór ég að finna fyrir því hvað ég var kominn í lélegt form. Ég ákvað að gera eitthvað,“ segir Eyvindur.

Eyvindur byrjaði að skokka þar sem það var ódýrasti kosturinn í stöðunni. „Ég gat ekki hlaupið í eina mínútu þegar ég byrjaði. Ég var farinn að hlaupa fimm kílómetra, svo hætti ég að hlaupa í skóm, þá minnkaði það aftur.“

Ha? Hleypurðu á tánum?

„Ég hleyp berfættur. Það er eina vitið. Fæturnir á okkur eru hannaðir til að hlaupa, en ekki í skóm. Ég fór að fá í hnén og las mér til um hvað ég væri að gera vitlaust. Ég vildi ekki hætta að hlaupa. Þá rakst ég á lærðar greinar sem virtust benda til þess að það væri betra, að maður fengi minna högg upp í líkamann ef maður væri berfættur.“

Eyvindur vigtar sig sjaldan en segir að buxnastrengurinn hafi aðeins víkkað í kjölfar nýja lífsstílsins. Hann hætti líka að reykja, beindi mataræðinu í betri farveg og segist beita heilbrigðri skynsemi þegar hann velur hvað hann setur ofan í sig. „Ég veit að ég á ekki að borða hamborgara og djúpsteiktan kjúkling í öll mál. Ég er ekki að drekkja mér í ógeði.“

Vinir Eyvindar tóku lífsstílsbreytingunni misjafnlega, enda var hann kannski ekki líklegasti maður heims til að byrja að stunda útihlaup. „Það var öllum sama þegar ég reykti eins og strompur og át ekkert nema skyndibita,“ segir hann í léttum dúr. „Svo um leið og ég fór að sporna aðeins gegn því að ég myndi deyja fyrir fimmtugt var farið að gera grín að mér.“

Í Lundúnum var þó talsvert auðveldara að borða hollan mat, að sögn Eyvindar. Hann segir úrvalið betra þar og maturinn ódýrari. „Hérna heima þarf maður að vera með tvær milljónir á mánuði, maður þarf að vera bankastjóri til að borða hollan mat! Þetta er rugl.“

**atlifannar@frettabladid.is**



**Á TÁNUM** Eyvindur Karlsson hætti að finna til í hnjánum þegar hann kastaði skónum og byrjaði að skokka berfættur. FRÉTTABLAÐIÐ/HAG

# Einar Snorri til liðs við Firsteight

„Ég ætla að einbeita mér svolítið að þessu núna,“ segir ljósmyndarinn og auglýsingaleikstjórinn Einar Snorri.

Hann hefur verið tekinn undir væng umboðsskrifstofunnar Firsteight í Berlín, sem sérhæfir sig í að finna verkefni fyrir auglýsingaklippara. Skrifstofan er sú virtasta sinnar tegundar í Þýskalandi og því um afar gott tækifæri að ræða fyrir Einar Snorra á þessari braut. Af þessu tilefni hefur Einar Snorri sett upp heimasíðuna Snorricuts.com þar sem skoða má verkefnin sem hann hefur unnið við í gegnum árin. Þar má nefna auglýsingar fyrir Hummer, Nokia, Kenneth Cole og tónlistarmyndband fyrir R.E.M. sem þeir Snorra-bræður gerðu garðinn frægan með nokkrum árum.

Einar Snorri auglýsti fyrr á árinu eftir íslenskum þátttakendum fyrir nýja ljósmyndabók sem hann ætlaði að setja saman með portrettmyndum. Hann segist ekki vita nákvæmlega hvenær hún kemur út en þátttakan var ágæt. Áður gerði hann umtalaða Kaffibarsbók í samvinnu við félaga sinn Eið Snorra þar sem fastagestir barsins sátu fyrir á fyrri hluta tíunda áratugarins. „Það liðu fjórtán ár frá því að við skutum myndirnar þar til bókin kom út. Það er vonandi að það verði ekki jafn langur tími núna. Ég mun halda áfram að safna portrettum, koma aftur og gera meira, líka í öðrum borgum,“ segir Einar Snorri.

**- fb**



**NÝ UMBOÐSSKRIFSTOFA** Einar Snorri hefur ráðið sig til umboðsskrifstofunnar Firsteight í Berlín. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

FLUGFÉLAG ÍSLANDS

→ flugfelag.is

# Alltaf ódýrast á netinu

## SKEMMTUM OKKUR INNANLANDS




TAKTU FLUGIÐ Á SKEMMTILEGA VIÐBURÐI UM ALLT LAND Í JÚLÍ. HÉR ERU ÖRFÁ DÆMI UM ÞAÐ SEM ER AÐ GERAST Í MÁNUÐINUM:

| | | |
|---|---|---|
| **Akureyri** | **30. júlí – 1. ágúst** | Ein með öllu |
| **Ísafjörður** | **8. – 9. júlí** | Púkamótið |
| | **15. – 17. júlí** | Vesturgatan, hlaupahátíð |
| | **30. júlí – 1. ágúst** | Mýrarbolti |
| **Neskaupstaður** | **7. – 9. júlí** | Eistnaflug |
| **Borgarfjörður eystri** | **14. – 17. júlí** | Bræðslan |
| **Fáskrúðsfjörður** | **22. – 24. júlí** | Franskir dagar |
| | **30. júlí – 1. ágúst** | Neistaflug |
| **Egilsstaðir** | **30. júlí – 1. ágúst** | Unglingamót UMFÍ |
| **Hrísey** | **16. – 18. júlí** | Fjölskyldu- og skeljahátíð |

→ bókaðu flugið tímanlega á **flugfelag.is**

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VÍSIR

**Ritstjórn:** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst húsið

**DREIFING:** dreifing@posthusid.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060



FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

vísir

Meiri Vísir.


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Sveitabrúðkaup

**Guðmundur Steingrímsson** alþingismaður og **Alexía Björg Jóhannesdóttir** leikkona gengu í hjónaband á laugardaginn. Brúðkaupið og veislan fóru fram í laut við bústað fjölskyldu Guðmundar að Kletti í Borgarfirði að viðstöddum hátt í tvö hundruð gestum. Brúðhjónin afþökkuðu allar gjafir frá gestum en óskuðu þess í stað eftir því að fólk gæfi andvirði gjafanna til góðgerðarmála.



### Æskuvinurinn hélt ræðu

Meðal ræðumanna var **Pétur Jóhann Sigfússon grínisti**, sem er æskuvinur Guðmundar úr Garðabæ, og þótti hann fara á kostum. Tónlistarmaðurinn Björn Jörundur Friðbjörnsson talaði sömuleiðis til brúðhjónanna og söng auk þess lagið Ég er kominn heim, sem hann tók upp með Bubba Morthens fyrir nokkrum árum. Þá stigu einnig á pall vinkonur brúðarinnar úr leiklistarheiminum, þær Ísgerður Elfa, Sólveig Guðmundsdóttir og Sara Marti.



### Gleði fram eftir nóttu

Félagar Guðmundar úr hljómsveitinni Ske, með söngvarann Höskuld Ólafsson í fararbroddi, léku fyrir dansi í veislunni og tróð brúðguminn að sjálfsögðu upp með þeim. **Björn Jörundur** tók einnig lagið með bandinu og stórleikarinn Jóhann Sigurðarson lét sig ekki muna um að renna í gegnum eitt Bítlalag. Meðal annarra kunnra gesta voru Hilmir Snær Guðnason leikari, Karl Th. Birgisson blaðamaður, Benni Hemm Hemm tónlistarmaður og Dagur B. Eggertsson borgarfulltrúi.

**- hdm**



## Mest lesið vísir

1. Líkfundur við Hótel Frón: Vissu ekki að konan væri ólétt
2. Lík kornabarns finnst í ruslagámi í Reykjavík
3. Tilkynnt um nauðgun á hestamannamóti
4. Tveir í haldi vegna líkamsárásar
5. Hjónum rænt í Pakistan


Office1

Fyrirtækjaþjónusta

ÓDÝR REKSTRARVARA

Hringdu í fyrirtækjaþjónustu Office1 og lækkaðu rekstrarkostnað fyrirtækisins.

PÖNTUNARSÍMI 550 4111

Fyrirtækjaþjónustan er opin 8 - 17
pontun@office1.is
www.office1.is



rekkjan

ÞRÝSTI JÖFNUNAR HEILSU RÚM!





VAKNAR ÞÚ ÚTHVÍLDUR? SEFUR ÞÚ EKKI VEL Á NÓTTUNNI?

Lykillinn að góðu lífi er góður svefn. Góður svefn hjálpar okkur að takast á við eril dagsins. Þar sem við eyðum þriðjung ævinar í rúminu er mikilvægt að vanda til valsins. Mjúkt, stíft, stutt, langt eða hart. Rúm er því ekki eitthvað sem maður sparar við sig. Er kominn tími til að endurnýja áður en þú ferð að missa svefn eða fá í bakið. Komdu og láttu sérfræðinga okkar hjálpa þér við að finna rétta rúmið og kodda. Þú eyðir þriðjung ævinnar í rúminu, ertu í rétta rúminu?






VIÐ ÆTLUM AÐ SELJA 10 STIKKI AF

AC-PACIFIC

ÞRÝSTIJÖFNUNARHEILSURÚMUM

(Queen size 153X203 cm.)

Fullt verð 227.130 kr.

NÚ 149.000 kr.

AC-PACIFIC

- Lagar sig að líkamanum
- Veitir fullkomna slökun
- Enginn hreyfing milli svefnsvæða
- Hefur óviðjafnanlega þyngdardreifingu
- Kemur líkamanum í rétta stellingu til hvíldar
- Þarf ekki að snúa
- 10 ára ábyrgð

rekkjan

HEILSURÚM

Rekkjan ehf ·· Suðurlandsbraut 48 (Bláu húsin í Faxafeni) ·· 108 Reykjavík ·· 588 1955 ·· www.rekkjan.is ·· Opið virka d. 10–18 og lau 11–16